

# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


## ÁRSSKÝRSLA 2000

Ágúst 2001



<b>Efni skýrslunnar</b>	<b>bls.</b>
<b>Inngangur ríkislögreglustjóra</b>	<b>5</b>
<b>Svið 1</b>	<b>7</b>
<b>Svið 2</b>	<b>15</b>
<b>Svið 3</b>	<b>27</b>
<b>Svið 4</b>	<b>34</b>
<b>Svið 5</b>	<b>40</b>
<b>Tölulegar upplýsingar um afbrot</b>	<b>45</b>
<b>Viðaukar</b>	<b>65</b>
I. Kristnihátíð á Þingvöllum 1. og 2. júlí 2000	66
II. Lögreglustörf á erlendri grund	71





## Inngangur ríkislögreglustjóra

Ársins 2000 verður einkum minnst fyrir flutning embættis ríkislögreglustjórans úr Auðbrekku 6 í Kópavogi í nýtt hús að Skúlagötu 21 í höfuðborginni, sem sniðið er að þörfum og starfsemi embættisins. Þessi tímamót voru embættinu mikilvæg.

Önnur þýðingarmikil viðfangsefni settu einnig svip á starfsemina. Þar ber að nefna undirbúning að Schengensamstarfinu, þúsund ára afmæli kristnitöku og fjölda opinberra heimsókna erlendra gesta til landsins. Allt voru þetta umfangsmikil verkefni sem lögreglunni var falið að undirbúa og bera ábyrgð á. Þau voru öll farsællega af hendi leyst. Einnig má nefna fyrsta Evrópufund Interpol sem Ísland hefur haldið frá aðild að samtökunum árið 1971 og undirbúning að formlegu samstarfi Íslands og Europol (lög-gæslustofnun Evrópu), sem lauk með undirritun samstarfs-samnings í Stokkhólmi hinn 28. júní síðastliðinn. Ég vil og nefna endurnýjun á bifreiðakosti og fjarskipta- og tækjabúnaði lögreglunnar í landinu, auk þess sem komið var á fót bílamiðstöð og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, en í þessum efnum hafa stór skref verið stigin til framfara. Þeim verkefnum er þó ekki lokið.

Rík áhersla er lögð á að gera íslensku lögregluna hæfari að sinna hlutverki sínu og búa hana betur undir að takast á við alþjóðavæðingu skipulagðrar brotastarfsemi. Til þess þarf öflugt samstarf lögreglustjóra og meiri samvinnu við erlend lögregluþyrirvöld og alþjóðastofnanir. Þar hafa efnahagsbrotadeild, alþjóðadeild og fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans gegnt mikilvægu hlutverki enda er það verkefni þessara deilda að annast sérstaklega tímaflek og umfangsmikil viðfangsefni. Nauðsynlegt er að bæta tækni og starfsaðferðir lögreglunnar, gera vinnubrögð faglegrí og vinnu-aðstöðu nútímalegrí. Góð samvinna og hæfni lögreglumanna er ennfremur skilyrði þess að árangri verði náð. Þótt sífellt megi auka menntun og þjálfun lögreglumanna er starf valnefndar og Lögregluskóla ríkisins ein forsenda þess að í lögregluna veljist hæft starfsfólk. Þar má ekki slaka á kröfum. Gagnagrunnar með upplýsingum um afbrot og afbrotamenn eru mikilvæg verkfæri sem leitt geta til skjótrar úrlausnar sakamála. Áhersla er lögð á uppbyggingu slíkra gagnagrunna og búnað sem þeim tengist. Endurskoða þarf skipulag tæknirannsókna með hliðsjón af þeim möguleikum sem nútímataekni býður. Undirbúningsvinna að því er þegar hafin.

Ég hef áður nefnt hugmyndir að breytingum á skipulagi lögreglunnar, fjölda lögreglustjóra og hlutverki þeirra, sem leitt gætu til bættrar starfsemi og skilvirkara og hagkvæmara stjórnkerfis. Nýstofnað embætti ríkislögreglustjórans í Noregi hefur sett fram hugmyndir um breytingar í svipaða veru á lögreglunni þar í landi. Danir hafa einnig byrjað að huga að endurskipulagningu á embættum og fjölda þeirra. Breytingar eru einnig í undirbúningi í Svíþjóð.

Ég hef lagt áherslu á fækkun afbrota. Lögreglustjórar hafa tekið þátt í umfjöllun um það efni og sumir sett sér ákveðin markmið til að fækka brotum. Samkvæmt nýlegri afbrotatölfræði sem embættið hefur tekið saman og kynnt opinberlega er ljóst að öll lögregluliðin í landinu þurfa að koma að málum og herða róðurinn ef markmið eiga að nást. Nauðsynlegt er að lögreglustjórar setji lögregluliðum skýr markmið bæði hvað varðar fækkun afbrota og aðra starfsemi lögreglunnar. Mæling á afköstum og árangri starfsmanna er ein forsenda þess að lögreglustjórar geti stýrt lögregluliðum til verka svo vel sé og haft eftirlit með því að þau starfi með fullri virkni.

Frá stofnun embættis ríkislögreglustjórans hinn 1. júlí 1997 hefur embættið vaxið að verkefnum og starfsmönnum. Ríkislögreglustjórinn hefur frá upphafi notið stuðnings ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar og vaxtar. Gagnrýnisráddir hafa heyrst um öran vöxt embættisins og hlutverk þess. Þær eru af svipuðum toga og settar voru fram í Danmörku fyrir um 30 árum þegar embætti ríkislögreglu-

stjórans var komið á fót þar og nú heyrast sömu raddir í Noregi. Hlutverk ríkislögreglustjórana er svipað á öllum Norðurlöndunum. Embættin eru faglegur yfirstjórnandi löggæslunnar og fara með málefni lögreglunnar í umboði ráðherra. Lögregla í lýðræðisríkjum hefur það meginhlutverk að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Búast má við gagnrýnisróddum þegar breytingar eiga sér stað hjá stofnunum eins og lögreglu, sem er í eðli sínu íhaldssöm stofnun. Málefnaleg gagnrýni er til gagns og af hinu góða að almenningur og fjölmiðlar sýni stofnunum hins opinbera og starfsemi þeirra áhuga og aðhald.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu fyrir vel unnin störf allt frá stofnun embættis ríkislögreglustjórans og sérstaklega fyrir liðið ár, sem var mjög annasamt.

Ágúst 2001,  
*Haraldur Johannessen.*



*Sviðsstjóri*

**Þórir Oddsson, vararíkislögglustjóri**

*Deildir og verkefni:*

**Stjórnsýslu- og rekstrardeild**

Fjármálastjórn og bókhald, áætlanagerðir, útgáfustarfsemi, skjalavarsla, frágangur og útsending sektarboða.

**Alþjóðadeild**

Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu. Interpol, Sirene, Baltcom, PTN.

**Lagadeild**

Álitsgerðir, umsagnir lögfræðilegs eðlis.

**Menntunar- og fræðslumál**

Fræðslumál og málefni Lögregluskóla ríkisins.

**Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum**

Skipulag og samræming.

**Sérverkefni**

Eftir nánari ákvörðun ríkislögglustjóra.

# Svið 1

Skipurit embættisins breyttist ekki á árinu en tilfærslur voru þó gerðar á tveimur málaflokkum. Forvarnamál voru færð frá sviði 3 til sviðs 4 og eftirlit með útlendingum frá sviði 4 til sviðs 1. Fjöldi starfsmanna embættisins var alls 66 í árslok.

Embættið tekur virkan þátt í margháttuðu erlendu samstarfi, sem aukist hefur stöðugt undanfarin ár og var undirbúningur að þátttöku í Schengen-samstarfinu veigamest á árinu 2000. Áfram var haldið úttekt og gerð tillagna vegna þess. Schengen-vinnuhópur ríkislögglustjórans skilaði skýrslu í ágúst með tillögum um persónueftirlit á landamærum. Byggt er meðal annars á þeim tillögum í drögum að handbók sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hyggst gefa út á árinu 2001.

---

## Rekstur árið 2000

---

Rekstur embættis ríkislögglustjórans hefur verið innan fjárheimilda frá stofnun þess, fram til ársins 2000. Á því ári nam rekstrarkostnaður alls 529,9 milljónum króna, fjárveitingar, yfirfærsla frá fyrra ári og sértekjur námu alls 519,7 milljónum króna og því varð halli upp á 10,2 milljónir, eða um 2%. Rekstraráætlun ársins 2001 tekur tillit til þessa halla og stefnt er að jafnvægi í rekstri embættisins á árinu.

Helsta ástæða hallans er sú að embættið flutti í nýtt húsnæði að Skúlagötu 21 í Reykjavík, og varð kostnaður við flutningana nokkuð hærri en fjárveiting sem til þeirra var

ætluð. Reyndar gerði áætlun ráð fyrir meiri kostnaði en fjárveiting gaf til kynna. Embættið fékk engar fjárveitingar til að mæta auknum kostnaði vegna yfirgripsmikils undirbúnings að kristnihátíð heldur aðeins vegna beins kostnaðar sjálfa hátíðisdagana. Þá jókst verulega umfang öryggisgæslu vegna opinberra heimsóknna erlendra gesta á árinu. Evrópufundur Interpol, sem haldinn var í maí, varð dýrari en áætlun gerði ráð fyrir og ekki fékkst

fjárveiting til að mæta því að fullu. Að auki var embættinu gert að taka þátt í ýmsum fundum erlendis án þess að sérstakar fjárveitingar fengjust vegna þess. Einnig varð kostnaður við brottvísun útlendinga frá landinu nær 86% hærri en fjárveiting til þess málaflokks. Þá var komið á fót nýju fjarskiptakerfi fyrir lögregluliðin á Suðvesturlandi, sem varð dýrara en ætlað var.

<b>Rekstraryfirlit embættisins árið 2000 (allar tölur í þúsundum króna)</b>				
<i>Greiðsluliðir</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Frávik í rauntölum</i>	<i>Frávik í prósentum</i>
Dagvinna	112.448	110.257	-2.191	-2
Vaktaálag	20.533	19.845	-688	-3
Aukagreiðslur	5.278	2.520	-2.758	-109
Yfirvinna	96.175	98.425	2.250	2
Launatengd gjöld	42.898	42.389	-509	-1
<b>Laun samtals</b>	<b>277.332</b>	<b>273.436</b>	<b>-3.896</b>	<b>-1</b>
Ferða- og dvalarkostn. innanl.	13.264	13.350	86	1
Ferða- og dvalarkostn. erlendis	19.097	17.142	-1.955	-11
Fundir, námskeið og risna	7.598	7.191	-407	-6
Akstur	2.015	806	-1.209	-150
<b>Ferðir og fundir samtals</b>	<b>41.974</b>	<b>38.489</b>	<b>-3.485</b>	<b>-9</b>
Tímarit, blöð og bækur	1.179	1.141	-38	-3
Skrifstofuvörur og áhöld	3.295	2.542	-753	-30
Aðrar vörur	11.469	13.618	2.149	16
<b>Rekstrarvörur samtals</b>	<b>15.943</b>	<b>17.301</b>	<b>1.358</b>	<b>8</b>
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	15.058	15.315	257	2
Önnur sérfræðipjónusta	19.707	9.514	-10.193	-107
Sími og ýmis leigugjöld	22.392	15.565	-6.827	-44
Prentun, póstur, augl., flutn.	24.002	20.193	-3.809	-19
<b>Aðkeypt þjónusta samtals</b>	<b>81.159</b>	<b>60.587</b>	<b>-20.572</b>	<b>-34</b>
Húsaleiga og ræsting	43.913	41.710	-2.203	-5
Rafmagn og heitt vatn	937	2.800	1.863	67
Verkkaup og byggingarvörur	7.087	-	-7.087	
Fasteignagjöld og tryggingar	427	300	-127	-42
<b>Húsnæði samtals</b>	<b>52.364</b>	<b>44.810</b>	<b>-7.554</b>	<b>-17</b>
Verkstæði og varahlutir	33	1	-32	-3.200
Brennsluefni og olíur	123	32	-91	-284
Tryggingar og skattar	-	-	-	
<b>Bifreiðar og vélar samtals</b>	<b>156</b>	<b>33</b>	<b>-123</b>	<b>-373</b>
<b>Vextir, bætur, skattar samtals</b>	<b>511</b>	<b>3</b>	<b>-508</b>	<b>-16.933</b>
<b>Eignakaup samtals</b>	<b>59.991</b>	<b>80.579</b>	<b>20.588</b>	<b>26</b>
<b>Tilfærslur samtals</b>	<b>468</b>	<b>-6.552</b>	<b>-7.020</b>	<b>107</b>
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>529.898</b>	<b>508.686</b>	<b>-21.212</b>	<b>-4</b>
<b>Sértekjur samtals</b>	<b>-54.051</b>	<b>-43.000</b>	<b>11.051</b>	<b>-26</b>
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>475.847</b>	<b>465.686</b>	<b>-10.161</b>	<b>-2</b>



## Alþjóðadeild

### Skipting mála eftir málaflokkum

Skráð viðfangsefni sem deildin fékk til meðferðar á árinu 2000 voru 593 (sjá yfirlit hér að neðan), sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Eru þá ótaldar beiðnir um handtöku og framsal úr Schengen upplýsingakerfinu, en fjöldi þeirra nam á þriðja þúsund frá september til áramóta.

Lögreglustjórar gera sér æ betur grein fyrir þeim möguleikum sem eru á að framsenda mál til annarra landa og nýta sér það í vaxandi mæli. Samskiptin eru að sjálfsögðu mest við Norðurlöndin, þar sem talsverður fjöldi Íslendinga er búsettur, en einnig hefur færst í vöxt að ýmsar beiðnir séu sendar til annarra landa. Þá er orðið algengara að vitni séu boðuð á lögreglustöðvar erlendis til að gefa skýrslu fyrir dómi símleiðis.

Tengsl / eðli máls	Fjöldi mála
Interpol	223
Baltcom	6
Schengen	111
PTN	130
Almenn afgreiðsla	46
Upplýsingar / aðstoð veitt	19
Málefni ID-nefndar	8
Fíkniefnamál	11
Upplýsingar	18
Europol	3
Útlendingamál	18
<b>Samtals</b>	<b>593</b>

### Starfsmannamál

Á árinu varð veruleg fjölgun starfsmanna í alþjóðadeild, aðallega vegna væntanlegrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Í lok ársins 1999 voru auglýstar tvær stöður lögreglufulltrúa og tvær stöður skrifstofumanna í alþjóðadeild. Í ljósi þeirra umsókna sem bárust var ákveðið að fresta ráðningu skrifstofumannanna en þess í stað ráðnir fjórir lögreglu-

fulltrúar. Tveir þeirra hófu störf í byrjun mars, einn í byrjun apríl og einn í byrjun maí. Þessu til viðbótar færðist lögreglufulltrúi frá sviði 4 yfir í alþjóðadeildina snemma á árinu. Þegar líða tók á árið varð ljóst að koma þyrfti á sólarhringsvöktum í alþjóðadeild. Var í því skyni auglýst eftir fjórum skrifstofumönnum og þeir ráðnir til starfa í lok ársins.

### Interpol

Sem fyrr fara alþjóðleg lögreglusamskipti að miklu leyti fram á samskiptaneti Interpol, vegna þess hve útbreitt og hraðvirkt það er. Ekki er ólíklegt að á þessu kunni að verða breyting í framtíðinni og að lögreglusamskipti innan þess hluta Evrópu sem er aðili að Schengen-samkomulaginu færist að miklu leyti yfir á Schengen-upplýsingakerfið.

Raymond Kendall, framkvæmdastjóri Interpol síðustu 16 árin, lét af störfum á allsherjarþingi stofnunarinnar sem haldið var á Rhodos í Grikklandi. Hann hafði starfað fyrir Interpol áratugum saman. Nýr framkvæmdastjóri var kjörinn Ronald Noble frá Bandaríkjunum. Viðbúið er að einhverjar áherslubreytingar verði í rekstri stofnunarinnar með nýjum framkvæmdastjóra, auk þess sem þegar eru fyrirséðar breytingar á æðstu yfirstjórn.

### Evrópuþing Interpol

Dagana 17.–19. maí var Evrópuþing Interpol haldið hér á landi, en ríkislögreglustjóri hafði boðið til þess á Evrópuþingi í Króatíu tveimur árum fyrr. Þingið sóttu um 200 fulltrúar frá 43 af þeim 45 Evrópulöndum sem aðild eiga að Interpol. Starfsmenn alþjóðadeildar sem og aðrir starfsmenn ríkislögreglustjórans önnuðust allan undirbúning og skipulag þingsins í



#### Frá setningu Evrópuþings Interpol (Interpol European Regional Conference)

Á myndinni eru, talið frá vinstri: Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri, Raymond Kendall, fráfarandi framkvæmdastjóri Interpol, Sólveig Pétursdóttir, dómsmálaráðherra, og John Abbott, varaforseti Interpol fyrir Evrópu og forstjóri NCIS í Bretlandi.

samstarfi við Evrópuskrifstofu Interpol, dómsmálaráðuneytið, lögreglustjórana í Reykjavík, Keflavík og á Keflavíkurflugvelli, ásamt ráðstefnu-deild Ferðaskrifstofu Íslands. Undirbúningur þingsins útheimti mikla vinnu og voru allir starfsmenn deildarinnar meira og minna uppteknir vegna þess síðustu vikunnar fyrir fundinn og meðan á honum stóð.

Fjöldi fróðlegra erinda var fluttur á þinginu og ýmsar gagnlegar upplýsingar komu fram um þróun brotamála í Evrópu. Segja má að hæst beri skipulegan ólöglegan innflutning á fólki til ríkja Vestur-Evrópu og innflutningur fíkniefna.

Þátttakendur voru afar ánægðir með þá aðstöðu og þær móttökur sem þeir fengu hér á landi og fjöldi þakkarbréfa barst eftir að þinginu lauk.

#### Dæmi um mál sem alþjóðadeild vann að á árinu

Fjöldmörg athyglisverð mál komu til kasta alþjóðadeildar á árinu og má þar á meðal nefna að lögreglan í Reykjavík handtók Rúmena í kjölfar fjölda innbrota þar sem verulegum verðmætum var stolið. Alþjóðadeildin annaðist milligöngu um samskipti við yfirvöld í Rúmeníu og víðar, sem leiddu meðal annars til þess að gerð var húsleit á heimili hans í Rúmeníu, þar sem lagt var hald á þýfi úr innbrotunum hér. Tveir lögreglumenn úr Reykjavík fóru til Rúmeníu og komu til baka með hluta þýfisins.

#### Europol

Viðræðum um samstarfssamning Íslands og Europol var fram haldið undir forystu utanríkisráðuneytisins og er stefnt að undirritun samninga Íslands og Noregs við Europol á árinu

2001. Viðbúið er að samstarfið við Europol leiði til aukinna tengsla við önnur Evrópulönd og að lögreglusamvinna verði nánari, og tengslin styrkist.

### Schengen-SIRENE-SIS

Undirbúningur vegna væntanlegrar aðildar Íslands og annarra Norðurlanda að Schengen-samstarfinu var forgangsverkefni starfsmanna alþjóðadeildar og fleiri starfsmanna ríkislögreglustjórans þegar líða tók á árið. Gríðarleg vinna var lögð í undirbúning vegna Schengen-upplýsingakerfisins og SIRENE-kerfisins í afar góðu samstarfi við starfsmenn Skráningarstofu, Verk- og kerfisfræðistofuna og fleiri. Allir starfsmenn alþjóðadeildar sóttu námskeið, bæði hér heima og erlendis, til að vera betur í stakk búnir til að sinna því starfi sem SIRENE-skrifstofunni er ætlað. Rétt er að nefna í þessu sambandi að Norðmenn hafa verið okkur sérstaklega hjálplegir við undirbúninginn og hafa meðal annars boðið starfsmönnum alþjóðadeildar þátttöku í námskeiðum sem þeir hafa haldið fyrir sitt fólk. Auk þess héldu Norðmenn sameiginlegt námskeið fyrir öll Norðurlöndin þar sem fyrirlesarar komu frá starfandi SIRENE-skrifstofum. Á árinu fór fram yfirgripsmikil fræðsla um Schengen-samninginn, upplýsingakerfið, landamæraeftirlit og fleira, sem skipulögð var af lögregluskólanum. Allir starfsmenn alþjóðadeildar tóku virkan þátt í þessu fræðsluátaki, bæði í lögregluskólanum og úti í öllum lögreglumdæmum landsins. Tvímælalaust var hér um að ræða umfangsmesta fræðsluáttak innan lögreglu hér á landi til þessa.

Þegar leið á árið var ákveðið að rekstur upplýsingakerfisins á Norðurlöndunum ætti að hefjast hinn 1. janúar 2001 en ekki 25. mars, eins og áður hafði verið reiknað með. Þessi ákvörðun setti strik í reikninginn og olli því að tölvukerfin

voru ekki gallalaus þegar þau voru tekin í notkun. Fjöldmörg vandamál komu upp, sem öll leystust þó farsælega í góðri samvinnu allra, sem að undirbúningnum unnu.

Í lok janúar kom hingað til lands eftirlitsnefnd Evrópusambandsins sem gerði úttekt á undirbúningi vegna inngöngunnar í Schengen-samstarfið. Aðeins voru gerðar smávægilegar athugasemdir, sem tiltölulega auðvelt var að bregðast við í tíma.

Einn margra verkþátta í undirbúningi Schengenaðildar, var yfirferð allra þeirra mála sem fyrir voru í SIS-grunninum, þar sem lýst var eftir einstaklingum til handtöku og framsals. Síðari hluta ársins fóru þessi mál að berast SIRENE-skrifstofunni til yfirferðar, sem fól í sér mikla vinnu. Um er að ræða nærfellt 12 þúsund mál. Starfsfólk alþjóðadeildar hefur unnið að yfirferð málanna af mikilli elju og ekki annað fyrirséð en að það starf verði langt komið við gildistöku samningsins.

### PTN

PTN lýtur að samstarfi lögreglu- og tollyfirvalda á Norðurlöndum. Upphaf- ið má rekja til fundar norræna dómsmálaráðherra árið 1982. Hvatinn að því var vilji til að takast á við fíkniefna- brot. Samstarfinu var komið á form- legan grundvöll 1984 og sætti síðan árlegu mati allt til 1987, þegar ákveðið var á fundi í Reykjavík að það skyldi verða varanlegt tæki til baráttu gegn fíkniefnum á Norðurlöndum. Samstarf- ið hefur þróast með því að komið var á kerfisbundinni söfnun og úrvinnslu upplýsinga um fíkniefni, komið var á laggirnar svonefndu sambandsmanna- kerfi sem felst í því að Norðurlönd hafa sent út 35 sambandsmenn ýmist frá lögreglu eða tolli og eru þeir stað- settir þar sem fíkniefni eiga uppruna

sinn eða tengjast með ákveðnum hætti annarri brotastarfsemi. Sambandsmenn þessir vinna fyrir öll Norðurlöndin og miðla upplýsingum og afla þeirra samkvæmt beiðnum frá þeim. Komið hefur verið á fót átta sérverkefnum og er eitt Norðurlandanna ábyrgt fyrir hverju verkefni. Samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjórafundar 1998 var ákveðið að útvíkka starfssvið PTN-samstarfsins og tekur það nú til allra brota sem snerta fleiri lönd en eitt, svo sem umhverfisbrota, smygls á geislavirkum efnum og hátollavöru, ólöglegrar verslunar með fornmuni, barnakláms og smygls á fólki. Samstarf þetta hefur hvarvetna vakið verðskuldaða athygli fyrir skipulag og þann árangur sem rekja má til þess. Ísland mun árið 2001 taka við formennsku í PTN.

### **Baltic Sea Task Force**

Ísland er aðili að Baltic Sea Task Force on Organised Crime in the Baltic Sea Region. Sem fyrr er alþjóðadeildin hinn íslenski tengiliður í þessu samstarfi sem er í stöðugu sambandi með fulltingi fjarskiptanets Interpol. Ísland hefur ekki tekið virkan þátt í átaksverkefnum, né heldur hafa verið sóttir fundir á þessum vettvangi. Stafar það fyrst og fremst af því að í flestum tilvikum nægir okkur PTN-samstarfið til samskipta.

Aðild að samtökunum er á ábyrgð forsætisráðuneytisins og fulltrúi þess tekur þátt í fundum þar sem fulltrúar ráðuneyta í aðildarríkjunum hittast.

---

## **Menntunar- og fræðslumál Lögregluskóli ríkisins**

---

### *Yfirstjórn skólans*

Auk Arnars Guðmundssonar, skólastjóra, voru átta fastir starfsmenn við skólann árið 2000.

Skólastjóri fer með daglega stjórn og rekstur skólans, samkvæmt reglugerð. Tveir yfirlögregluþjórnar eru skólastjóra til aðstoðar við stjórn skólans og mynda þeir daglega yfirstjórn hans.

### *Brautskráning lögreglunema*

Alls luku 62 lögreglunemar prófi frá skólanum á starfsárinu, en þeir höfðu allir lokið fyrri önn skólans með fullnægjandi árangri á árunum 1998 og 1999.

### *Húsnæði*

Grunndeild skólans er til húsa á efri hæð að Krókhálsi 5b. Þar eru tvær kennslustofur, ásamt tölvuveri, setustofu og mataraðstöðu fyrir nemendur, auk tilheyrandi sameignar. Í kennslustofunum eru fullkomnir tölvuskjavarpar, mjög gott hljóðkerfi og önnur aðstaða til fyrirmyndar. Skrifstofur, bílgeymsla, æfingasalur og sturtur eru til húsa á 1. og 3. hæð hússins að Krókhálsi 5a, alls 865,3 m<sup>2</sup>. Húsnæði skólans er alls um 1.220 m<sup>2</sup>.

### **Nefndastörf**

#### *Skólanefnd*

Hlutverk skólanefndar er samkvæmt 4. mgr. 2. gr. reglugerðar um Lögregluskóla ríkisins nr. 490/1997 að vera ráðgefandi um starfsemi skólans og vettvangur skoðanaskipta um náms-efni, námsgreinar og skyld efni.

Skólanefnd Lögregluskólans skipa eftirtaldir sex menn: Þórir Oddsson, vararíkislögreglustjóri (formaður, tilnefndur af ríkislögreglustjóranum), Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri (tilnefndur af lögreglustjóranum í Reykjavík), Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður (tilnefndur af Sýslumannafélaginu), Gils Jóhannsson, varðstjóri (tilnefndur af Landssambandi lögreglumanna), Ómar Pálmason, rannsóknalögreglumaður (tilnefndur af Félagi íslenskra rannsóknarlögreglumanna)

og Arinbjörn Snorrason, varðstjóri (tilnefndur af Lögreglufélagi Reykjavíkur).

Skólastjóri Lögregluskólans undirbýr fundi skólanefndarinnar og situr þá ásamt yfirlögregluþjónum skólans.

#### *Valnefnd*

Ríkislögreglustjórinn auglýsir eftir nemum í Lögregluskólann og ákveður hve mörgum skal gefa kost á að stunda lögreglunámið. Umsóknum skal skilað til valnefndar skólans sem fer yfir umsóknirnar og metur hverjir umsækjenda teljast hæfir og uppfylla almenn inntökuskilyrði samkvæmt lögreglulögunum. Þegar niðurstöður inntöku-prófa liggja fyrir ræðir nefndin við þá sem stóðust prófin, og á grundvelli prófa og viðtala ákveður nefndin síðan hverjum skuli gefa kost á að stunda nám við skólann.

Valnefnd Lögregluskóla ríkisins er skipuð þeim Gunnlaugi V. Snævarr, yfirlögregluþjóni (formanni, tilnefndum af skólastjóra LSR), Björgu Thorarensen, skrifstofustjóra (tilnefndri af dómsmálaráðherra), Jónmundi Kjartanssyni, yfirlögregluþjóni (tilnefndum af ríkislögreglustjóra), Stefáni Skarphéðinssyni, sýslumanni (tilnefndum af Sýslumannafélagi Íslands) og Óskari Bjartmarz, lögreglumanni (tilnefndum af Landssambandi lögreglumanna). Varafulltrúi dómsmálaráðuneytisins og ritari nefndarinnar er Jón Þór Ólason.

#### *Aðrar nefndir og starfshópar*

Fulltrúar lögregluskólans áttu sæti í eftirtöldum nefndum og starfshópum: Laga- og umsagnarnefnd ríkislögreglustjórans, starfshópi um sérstakar viðurkenningar vegna starfa í lögreglu, starfsgreinaráði í öryggisvörslu, björgun og löggæslu, nefnd um starfs- og frammistöðumat í lögreglu, starfshópi sem fjalli um meðferð hælisbeiðenda,

starfshópi um samskipti lögreglu og fjölmiðla, eftirlits- og ráðgjafarnefnd fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar og nefnd um fræðslu vegna Schengen-samningsins, ásamt því að eiga tengilið vegna Schengen-samstarfsins.

#### **Námskeið II – Framhaldsdeild / Sérnámskeiðasvið**

*Námskeið vegna töku sýna á öndunarmælinn "Intoxilyzer 5000N"*  
Upprifjunarnámskeið voru haldin 3. júlí og 27. nóvember fyrir þá sem áður höfðu lært meðhöndlun tækjanna, vegna þess að ákveðið hefur verið að hefja starfrækslu þeirra að nýju hér á landi. Grunnnámskeið voru haldin 21. ágúst og 23. nóvember fyrir nýja sýnatökumenn sem starfa hjá umferðardeild ríkislögreglustjórans.

*Námskeið fyrir bifhjólalögreglumenn*  
Námskeið fyrir bifhjólalögreglumenn hófst 22. ágúst í samvinnu lögreglunnar í Reykjavík og lögregluskólans öðru sinni. Það var 45-50 kennslustundir og því lauk laugardaginn 26. ágúst með 250 km akstri um Suðvesturland. Markmið námskeiðsins var annarsvegar það, að veita þeim bifhjólaréttindi sem þess þurftu og hinsvegar að þjálfa lögreglumenn í ýmsum sérverkefnum bifhjólalögreglumanna, rifja upp reglur og reglugerðir og æfa örugga meðferð bifhjóla. Fimm lögreglumenn úr Reykjavík luku námskeiðinu.

#### *Námskeið um skráningu stórslysa*

Dagana 7. og 9. september héldu danskir kennarar svokallað DIR-námskeið í skráningu stórslysa fyrir tíu lögreglumenn. Umsjón með námskeiðinu hafði Lúðvík Eiðsson.

#### *Námskeið fyrir löglærða fulltrúa / ákærendanámskeið*

Námskeið fyrir ákærendur embættanna var haldið dagana 13.-16. nóvember

2000. Námskeiðið var samvinnuverkefni embættis ríkissaksóknara og lögregluskólans og hafði undirbúningur þess staðið yfir um nokkurt skeið.

#### *Schengen-námskeið*

Námskeið hófust í Keflavík hinn 4. september fyrir þá sem annast persónueftirlit á landamærum. Umsjónarmaður námskeiðanna var Eiríkur Hreinn Helgason. Námskeiðin voru tvískipt þannig að hver þátttakandi kom tvisvar sinnum í 2½ dag í hvort sinn með 16 daga millibili sem notað var til heimanáms. Lesefnið var um 600 blaðsíður, þar með talinn Schengen-samningurinn, handbók („Common manual“), útlendingalöggjöfin, lög um Schengen-upplýsingakerfið og fleira.

Markmiðið með námskeiðunum var að tryggja víðtæka þekkingu á Schengen-samningnum og lagaumhverfinu þegar hann kemur til framkvæmda hér á landi, ásamt því að treysta þekkingu löggæslumanna á vegabréfum og öðrum skilríkjum.

Þátttakendur á námskeiðunum voru alls 147, þar af sex sem sátu aðeins fyrri hlutann.

---

## Sérverkefni

---

### Stefnumörkun og markmiðasetning

Með bréfi, dagsettu 4. ágúst 1998, skipaði ríkislögreglustjórinn sex menn til að gera tillögur um stefnumörkun og markmiðasetningu fyrir lögregluna til næstu fimm ára. Fimm þeirra voru tilnefndir af Sýslumannafélagi Íslands, þau Björn Jósef Arnviðarson, sýslumaður á Akureyri, Georg Kr. Lárusson, þá settur lögreglustjóri í Reykjavík, Inger L. Jónsdóttir, sýslumaður á Eskifirði, Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður í Stykkishólmi og Þorleifur

Pálsson, sýslumaður í Kópavogi. Ríkislögreglustjóri skipaði Þóri Oddsson, vararíkislögreglustjóra, formann nefndarinnar. Kristján H. Kristjánsson, lögreglufulltrúi, var ráðinn ritari hennar. Nefndin skilaði skýrslu í maí 2000 til ríkislögreglustjórans og hefur hún verið send dómsmálaráðherra til athugunar og jafnframt hefur um hana verið fjallað á fundi sem ríkislögreglustjóri hélt með lögreglustjórum og fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu í október síðastliðnum. Við þessa vinnu var beitt nýstárlegri aðferðafræði sem fólst í hópvinnu við að móta stefnu og skapa sameiginlega framtíðarsýn, skilgreina hvaða forsendur eru afgerandi til þess að gera hana að veruleika og leita eftir samstöðu um aðgerðir og forgangsröðun þeirra.



Sviðsstjóri

**Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn**

*Deildir og verkefni:*

### **Alþjóðleg lögreglustörf**

Lögreglustörf á vegum alþjóðasamtaka (SP).

### **Áfengis- og vopnalagadeild**

Leyfisveitingar. Skipulag og samræming eftirlits lögreglu. Skotvopnaskrá.

### **Fjarskiptamiðstöð lögreglu**

Sameiginleg fjarskiptamiðstöð á starfssvæði 6 lögreglustjóra, ríkislögreglustjórans og Lögregluskólans. Tekur við öllum símtölum til lögreglu, sem berast Neyðarlínunni. Annast samræmingu og fyrirmæli til útkallsliðs lögregluliðanna.

### **Leitar- og björgunarmáladeild**

Hlutverk lögreglu varðandi leit og björgun. Samræming á sviði björgunarmála. Samvinna við aðra aðila á sviði leitar og björgunar.

### **Sérsvait**

Yfirstjórn, skipulag og stefnumótun sérsvaitar ríkislögreglustjórans og annar vopnaður viðbúnaður lögreglu.

### **Tækja- og búnaðardeild**

#### **Bílamiðstöð**

Rekstur bílamiðstöðvar RLS, ökutæki lögreglu, einkennisfatnaður og búnaður lögreglu, fjarskipta- og öryggismál.

#### **Umferðarmáladeild**

Stefnumörkun og samræming umferðarlöggæslu. Skipulag umferðareftirlits og rekstur sérbúinna bifreiða.

#### **Öryggismáladeild**

Öryggisgæsluverkefni, öryggismál vegna æðstu stjórnar ríkisins og erlendra sendiráða.

## Svið 2

Mjög mikil umsvif voru á árinu auk þess sem nýjungar voru innleiddar. Rekstur bílamiðstöðvar hófst 1. janúar og fjarskiptamiðstöðvar hinn 19. júní eftir endurskipulagningu beggja málaflokka, þar sem starfsemin var færð undir embætti ríkislögreglustjórans. Mjög mikil endurnýjun var á ökutækjum lögreglunnar og einnig stóð yfir viðamikill undirbúningur að því að innleiða stafræn fjarskipti (svonefnd Tetra-fjarskipti) með nýjum búnaði. Af því tilefni var Þróstur Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn á Selfossi, settur verkefnisstjóri tímabundið hjá ríkislögreglustjóranum til þess að annast undirbúning fjarskiptaverkefnisins í samstarfi við Jón Bjartmarz.

Starfsemin á sviði 2 markaðist einnig mikið af undirbúningi vegna kristniháttíðar á Þingvöllum, sem nánar er fjallað um í viðauka I.

Vegna mikilla anna Jóns Bjartmarz, yfirlögregluþjóns, sem hlutust af þessum viðamiklu verkefnum, var Guðmundur H. Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, settur yfirlögregluþjónn til þess að annast daglega stjórnun á sviði 2.

Þá sótti Jón Bjartmarz 11 vikna námskeið um haustið hjá skóla bandarísku alríkislögreglunnar (FBI National Academy). Á námskeiðinu var farið yfir marga þætti löggæslu og skyld efni, svo sem stjórnun, sálarfræði, atferlisfræði, fjölmiðlasamskipti, rannsóknir, tæknirannsóknir og margt fleira. Auk þess gengust

þátttakendur undir viðamikla líkamsþjálfun. Fjórir íslenskir lögreglumenn hafa áður sótt samskonar námskeið.

## Öryggismáladeild

### Heimsóknir erlendra fyrirmanna

Miklar annir urðu af heimsóknum erlendra þjóðarleiðtoga og annarra tignargesta („VIP-gesta“). Mikil vinna liggur í undirbúningi og samræmingu heimsóknanna sem og gæslu hinna erlendu gesta. Ríkislögreglustjórinn fer með yfirstjórn aðgerða lögreglunnar og samræmt skipulag. Sérsvæitið ríkislögreglustjórans annast vopnaða lífvörslu. Óhætt er að fullyrða að mest mæði á lögreglustjórum umdæmanna suðvestanlands enda er dagskrá heimsóknanna oftast bundin því svæði. Mismikil vinna er kringum hina erlendu gesti. Í sumum tilvikum er hún innan viðráðanlegra marka en í öðrum eru

öryggisráðstafanir lögreglu afar umfangsmiklar. Íslenska ríkið er skuldbundið af alþjóðlegum sáttmálum til þess að ábyrgjast öryggi gesta og því er gæsla þeirra forgangsverkefni lögreglunnar. Til viðbótar framangreindu má nefna kristnihátíð á Þingvöllum 1. og 2. júlí og málþing NATO-SACLANT 5.-7. september en til þess kom fjöldi erlendra gesta, þar á meðal Ian Robertson, framkvæmdastjóri NATO og Guido Venturoni, yfirmaður hermálaráðs NATO, sem lögreglan þurfti að gæta.

### Alþjóðleg ráðstefna um Helförina

Dagana 26.-28. janúar fóru aðstoðaryfirlögregluþjónarnir Björn Halldórsson og Guðmundur Ómar Þráinsson til Stokkhólms til að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd sænsku lögreglunnar á öryggisgæslu vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um Helförina (Stockholm Forum on the Holocaust) með þátttöku fjölda fyrirmanna víða að

Yfirlit um opinberar heimsóknir á árinu		
Komumánuður	Nafn og titill	Fjöldi fylgdarmanna
Febrúar	Guido Venturoni, formaður hermálaráðs NATO	3
-	Wesley Clark, yfirmaður sameinaðs herafla NATO í Evrópu	6
Apríl	Jan Kavan, utanríkisráðherra Tékklands	5
Mái	Alexander Kwasniewsky, forseti Póllands, ásamt maka	17
-	Abdullah II og Ranja, jórdönsku konungshjónin	51
Júní	Ding Guangen, ráðherra almannatengsla í Kína	13
-	Hahn Zhubin, aðalríkisráðgjafi Kína	7
-	Vytautas Landsbergis, þingforseti Litháen, ásamt maka	1
Júlí	Haraldur og Sonja, norsku konungshjónin	7
Ágúst	Hubert Vedrine, utanríkisráðherra Frakklands, ásamt maka	5
September	Wolfgang Thierse, forseti Þýska Sambandsþingsins	6
-	Li Peng, forseti kínverska þingsins, ásamt maka	120
-	Valdas Adamkus, forseti Litháen, ásamt maka	23
-	Václav Havel, forseti Tékklands	4
-	Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands og Joschka Fischer, utanríkisráðherra	10
-	Felipe de Borbon, krónprins Spánar	6
-	Tarja Halonen, forseti Finnlands, ásamt maka	25
-	Wu Yi, utanríkisráðherra Kína	27
-	Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna	80
Nóvember	Forsætisráðherrar Norðurlandanna; Jens Stoltenberg, Noregi, Paavo Lipponen, Finnlandi, Göran Persson, Svíþjóð og Poul Nyrup Rasmussen, Danmörku	
-	Þingmenn vegna þings Norðurlandaráðs	80-90
-	Alexander Dimitrov, utanríkisráðherra Makedóníu	8



úr heiminum, þar á meðal manna, sem þurfa sérstakrar verndar við. Í sænskum fjölmiðlum var því haldið fram að öryggisviðbúnaður lögreglunnar hefði ekki verið meiri síðan við jarðarför Olofs Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar.

## Sérsveit

Þjálfunin á árinu var með hefðbundnum hætti. Tekið var mið af hlutverki sérsveitarinnar á landsvísu og fóru nokkrar æfingar fram í samstarfi við lögregluliðin á hverjum stað. Á árinu voru haldin fjögur námskeið auk nýliðanámskeiðs. Alls sóttu 23 lögreglumenn um þátttöku í nýliðanámskeiði og þar af náðu sex að ljúka því. Þá voru fjölmargar einstakar æfingar og æfingar sérhópa. Á árinu luku tveir sérsveitarmenn leiðbeinendanámskeiði í skyndihjálp og sjúkraflutningsnámskeiði. Fjórir sérsveitarmenn sóttu námskeið erlendis. Þá aðstoðaði sérsveitin Lögregluskóla ríkisins við þjálfun í grunnnámi og framhaldsdeild skólans. Sveitin sá meðal annars um þjálfun í heilan dag á símenntunarnámskeiðum skólans.

Sérsveitin sinnti fjölmörgum verkefnum á árinu. Hin helstu voru á sviði öryggisgæslu vegna opinberra heimsókna. Heildarfjöldi öryggisgæsluverkefna var 26 og umfangsmestu viðfangsefni voru heimsókn Li Peng, forseta Kínverska þingsins, heimsóknir norsku og jórdönsku konungshjónanna, og heimsóknir forseta Finnlands, Póllands og Litháen, auk utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Verkefni sprengjusérfræðinga sveitarinnar voru tíu, flest í tengslum við opinberar heimsóknir.

Sérsveitin eða hluti hennar var kölluð út fjórum sinnum en ellefu sinnum voru vakthafandi sérsveitarmenn sendir

á vettvang þar sem sérþjálfun þeirra og búnaður kom að notum. Kafarar sveitarinnar voru þrisvar sinnum kallaðir út til leitar að sönnunargögnum vegna rannsóknar á morðmáli.

## Leitar- og björgunarmáladeild

### Samvörður 2000

Dagana 7.-12. júní var haldin fjölþjóða björgunaræfingin Samvörður 2000 undir formerkjum samstarfs í þágu friðar (Partnership for Peace). Haldin var ráðstefna fyrstu þrjá dagana, þá vettvangsæfing og loks lærdómsdagur. Æfingasvæðið var Kollafjörður og landsvæði þar í kring, Mosfellsbær og fjörur og eyjar í landi Reykjavíkur. Auk Íslands tóku 17 þjóðir þátt og heildarfjöldi þátttakenda var 1.365. Aðstoðaryfirlögregluþjónarnir Björn Halldórsson, hjá embætti ríkislögreglustjórans, og Jónas Jón Hallsson, lögreglunni í Reykjavík, unnu að undirbúningi æfingarinnar fyrir hönd lögreglunnar en á sjálfri vettvangsæfingunni komu fleiri lögreglumenn að verkefningu, til dæmis við vettvangsstjórnun í Saltvík.

Sögusvið æfingarinnar var að farþega skipið „Monte Carlo” (Sæbjörg, skóla-skip Slysavarnafélagsins Landsbjargar) lenti í árekstri við annað skip, sem sökk vegna skemmda. Í því hlutverki var flak Sigurjóns Arnlaugssonar, sem liggur á hafsbotni innan æfingasvæðisins. Við áreksturinn missti „Monte Carlo” vélarafl, eldar kviknuðu um borð, spilliefni tók að leka út í skipinu, fólk slasaðist og fleira. Slösuðum (sjálfboðaliðum) var komið fyrir í björgunarbátum, eyjum og skerjum og líkum (brúðum) var komið fyrir á hafsbotni og í flaki Sigurjóns Arnlaugssonar. Öll fórnarlömb slyssins (lifendur og látnir) voru fluttir í Saltvík á Kjalarnesi þar sem móttöku og

forgangsöröðun í aðhlyningu var stýrt. Þaðan var fólkið flutt í Varmárskóla í Mosfellsbæ, sem þjónaði hlutverki sjúkrahúss, fjöldahjálparstöðvar og líkhúss.

Helstu markmið æfingarinnar voru að æfa samstarf íslenskra og erlendra björgunarmanna, samræma björgun á sjó og í landi, skilgreina og æfa viðbrögð við slysum í farþegaskipum og ferjum, og samhæfa borgaralega starfshópa og her.

Þegar horft er til umfangs æfingarinnar og aðstæðna allra má fullyrða að æfingin hafi gengið vel og verið öllum til mikils gagns sem að henni komu. Ýmislegt fór úrskeiðis og er það verkefni viðbragðsaðila að vinna úr niðurstöðum æfingarinnar, og lagfæra og bæta skipulag sitt.

### Fluglysæfingar

Haldið var áfram þátttöku í skipulagningu og framkvæmd fluglysæfinga á vegum Flugmálastjórnar. Á árinu voru tvær slíkar haldnar; á Egilsstöðum í maí og Höfn í september. Á æfingunum, sem þóttu takast ágætlega, sannaðist mikilvægi æfinga af þessu tagi fyrir viðbragðsaðila.

### Námskeið í leitarstjórnun

Fimm lögreglumenn frá Borgarnesi, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og Keflavík sóttu námskeið í leitarstjórnun („Managing Search Operations“), sem haldið var af björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Gufuskálum 18.-22. september. Námskeiðið er sniðið að þörfum allra þeirra sem koma að stjórnun leitaráðgerða hér á landi; lögreglu, lands- og svæðisstjórnar björgunarsveita og annarra viðbragðsaðila. Námskeiðið er viðurkennt sem eitt besta námskeiðið á þessu sviði í heiminum í dag. Þar var

farið yfir grundvallaratriði árangursríkrar stjórnunar leitar- og björgunaraðgerða og mikil áhersla lögð á hópvinna. Um var að ræða fyrirlestra, töfluæfingar og verklegar hópæfingar þar sem þátttakendur leystu raunveruleg verkefni. Reynslan sýnir að með þeim aðferðum sem kenndar voru, er unnt að koma fólki til hjálpar á skemmri tíma og með minni mannafla. Það er enginn vafi að þetta námskeið er kjörinn vettvangur fyrir lögreglumenn sem fara með stjórnun leitaráðgerða, bæði til að fá fræðslu á þessu sviði eins og hún gerist best, og vegna þess að þar gefst tækifæri fyrir þá aðila sem koma að stjórnun leitar- og björgunaraðgerða að samhæfa störf sín. Æskilegt er að allir lögreglumenn, sem valdir hafa verið til og falin leitarstjórnun, sækji þetta námskeið, en það væri mikilvægur liður í að samræma og bæta vinnubrögð við leitaráðgerðir.

### Umferðardeild

Fjöldi mála, sem stofnað var til á árinu hjá umferðardeild, var alls 2.307 og gróf skipting þeirra er þessi:

Mál	Fjöldi
Hraðamæling með myndavél	1.505
Hraðamæling með radar	650
Önnur mál	152
<b>Samtals:</b>	<b>2.307</b>

Vinna lögreglumanna umferðardeildar var með svipuðu sniði og áður, það er í samráði og samvinnu við umdæmin um landið. Um verslunarmannahelgina var aukið eftirlit lögregluliðanna víða um land styrkt með auknum mannafla og tækjum frá ríkislögreglustjóranum.

Fjöldi óska um aðstoð barst frá lögregluembættum í tengslum við samkomuhald og hátíðir, aðallega vegna umferðareftirlits. Í því sambandi

má nefna Humarhátíð á Höfn, vígslu Eiríksstaða í Dölum, þungar umferðarhelgar yfir sumarið og fleira. Við eftirlit hafa verið notaðar ómerktar lögreglubifreiðar sem búnar eru hraðamyndavélum, ásamt sérbúinni bifreið með tæki til töku öndunarsýna vegna ætlaðs ölvunaraksturs.

Samstarf er með ríkislögreglustjóranum og Vegagerðinni. Gerðar verða út þrjár bifreiðar frá Reykjavík og ein frá Akureyri, sem Vegagerðin leggur til. Bifreiðarnar eru merktar og útbúnar sem lögreglubifreiðar, og mannaðar einum starfsmanni Vegagerðarinnar og lögreglumanni frá umferðardeild ríkislögreglustjórans. Þrír lögreglumenn voru ráðnir til umferðardeildarinnar vegna þessa verkefnis og fljótlegra verður þeim fjórða bætt við. Fjölgunin kemur til með að styrkja enn frekar það umferðareftirlit sem verið hefur og mun starfsmaður Vegagerðarinnar vitna í umferðarmálum sem upp koma, svo sem vegna hraðaksturs, vöntunar á ökuskríteini og annarra brota. Ekki má gleyma þeirri reynslu sem vegagerðarmenn hafa af afskiptum þungaflutninga, svo sem vegna þyngdar ökutækja, álesturs og úrvinnslu af skífum ökurita.

Fyrri hluta ársins tók umferðardeildin mikinn þátt í skipulagi og undirbúningi lögreglu vegna kristnihátíðar á Þingvöllum (sjá nánar viðauka I).

Af öðrum verkefnum umferðardeildar má nefna þjálfun nema í Lögregluskól-anum í forgangsakstri lögreglubifreiða, kennslu á hraðamyndavél og öndunarsýnataeki, auk fyrirlestra um málefni sem tengjast löggæslu.

Lögregluþyrirvöld á Íslandi taka þátt í samstarfi lögregluþyrirvalda á Norðurlöndum um umferðarmálefni. Á árinu var haldinn fundur í Borgundarhólmi í Danmörku, þar sem farið var yfir árið 1999 og settar línur um verkefni sem

taka átti fyrir á öllum Norðurlöndum á árinu 2000. Ákveðið var að í september skyldi taka stór ökutæki fyrir, með tilliti til hleðslu, aksturs- og hvíldartíma og fleira sem viðkemur stórum ökutækjum.

Fulltrúi umferðardeildar átti sæti í nokkrum nefndum á árinu. Má þar nefna nefnd um akstursíþróttir og aksturskeppni, nefnd til að setja reglur um radarmælingar lögreglu (niðurstöður væntanlegar í febrúar 2001) og starfshóp um endurskoðun umferðarlaga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Fulltrúi umferðardeildar á jafnframt sæti í Umferðarráði.

## Áfengis- og vopnalagadeild

Deildin annast leyfisveitingar og aðra starfsemi sem heyrir undir hlutverk ríkislögreglustjórans samkvæmt áfengis- og vopnalögum. Í þessu felst meðal annars að samræma vinnureglur fyrir lögregluna í landinu, sem hefur eftirlit og gefur út leyfi af ýmsum toga samkvæmt lögum. Í sumum tilvikum, þegar lögreglustjórar annast leyfisveitingar samkvæmt vopnalögum, þarf heimild ríkislögreglustjórans að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út. Starfsleyfi til að framleiða, flytja inn og versla með vopn, skotelda, sprengiefni og áfengi í atvinnuskyni eru hins vegar gefin út af ríkislögreglustjóranum og þar er haldin skrá um starfsleyfin. Þá annast deildin útgáfu leyfa fyrir öllum flutningi vopna til og frá landinu.

## Áfengislög

Samtals voru 111 starfsleyfi í gildi hinn 31. desember 2000 á grundvelli áfengislaga. Tíu fyrirtæki hættu verslun með áfengi á árinu.

<b>Gildandi starfsleyfi á grundvelli áfengislaga</b>	
<i>Eðli leyfis</i>	<i>Fjöldi fyrirtækja</i>
Framleiðsluleyfi	4
Innflutningsleyfi	10
Áfengisheildsöluleyfi	71
Leyfi til að kaupa og nota etanol og spiritus fortis vegna iðnaðar	26
<b>Þar af leyfisveitingar á árinu</b>	
<i>Eðli leyfis</i>	<i>Fjöldi fyrirtækja</i>
Leyfisbréf til að stunda áfengisinnflutning og áfengisheildsölu	27*
Leyfisbréf til að til að kaupa og nota etanol og spiritus fortis vegna iðnaðar	26
<i>*Þar af tólf vegna endurnýjunar eldri leyfa.</i>	

## Vopnalög

Í landinu öllu eru 54 fyrirtæki með starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri, en aðeins tólf þeirra stóðu að innflutningi á árinu. Þá hafa einstaklingar nýtt sér rétt til að flytja inn skotvopn og skotfæri til eigin nota, en þeir mega flytja inn að hámarki tvær byssur og 300 skot á ári, uppfylli þeir skilyrði og hafi greitt fyrir innflutningsleyfi.

Þótt fyrirtæki hafi starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri þarf

að sækja um svokallað alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir hverri sendingu til landsins því víða er ekki hægt að fá afgreiðslu erlendis eða að útflutningur til Íslands er ekki leyfður nema þetta leyfi liggja fyrir. Einstaklingar þurfa hins vegar að sækja um sín leyfi til lögreglustjóra í heimahéraði en þau fá endanlega afgreiðslu ríkislögreglustjórans.

Útgefin leyfi og heimildir til leyfisveitinga á grundvelli skotvopnalaga á árinu urðu samtals 614.

<b>Útgefin leyfi og heimildir til leyfisveitinga á grundvelli vopnalaga</b>	
<i>Eðli leyfis:</i>	<i>Fjöldi leyfa:</i>
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til endursölu (fjöldi pantana)	143
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til eigin nota	96
Alþjóðlegt innflutningsleyfi til að flytja inn litmerkibyssur (fjöldi pantana)	13
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn sem safngripi	4
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssum vegna atvinnu	10
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssum vegna íþróttaskotfimi	27
Heimild til að gefa leyfi fyrir skotvopnum og fleiri munum vegna skotvopnasafna	40
Heimild til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá	7
Innflutnings- og skammtímaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga	133
Skammtímaleyfi til að flytja skotvopn milli landa um Ísland	7
Starfsleyfi / endurnýjun á leyfum til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri	13
Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni (fjöldi aðila)	6
Umsóknum um innflutning eða kaup á vopni synjað	8
Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga, tímabundið	6
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn, tímabundið	93
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn, varanlegt	4
Viðurkenning á litboltafélagi	3
Viðurkenning á skotíþróttafélagi	1
<b>Samtals:</b>	<b>614</b>

<b>Yfirlit um innflutning skotvopna og skotfæra á árinu</b>			
<i>Tegund búnaðar</i>	<i>Til endursölu (stykkjafjöldi)</i>	<i>Til eigin nota (stykkjafjöldi)</i>	<i>Samtals innflutt (stykkjafjöldi)</i>
Haglabyssur	1.304	54	<b>1.358</b>
Rifflar	275	40	<b>315</b>
Skammbyssur	10	3	<b>13</b>
Lofthbyssur	14	5	<b>19</b>
Skotfæri	3.943.250	2.100	<b>3.945.350</b>

### Nýmæli

Undanfarin ár hefur áhugafólk um það sem kallað hefur verið litbolti („paintball”) mjög þrýst á að leikurinn yrði leyfður á Íslandi eins og í nágrannalöndum. Um þennan leik hafa ekki verið til neinar reglur og skiptar skoðanir um hvort ætti að leyfa hann og þá hvort slíkt kallaði á breytingar á vopnalögum. Niðurstaðan varð sú að dómismálaráðherra ákvað að nýta ákvæði d-liðar 2. mgr. 3. gr. vopnalaga um tæki og efni sem valda óverulegri hættu til að setja reglur um þennan leik, og var starfsmanni deildarinnar ásamt dómismálaráðuneytinu falið að semja reglurnar. Ráðherra staðfesti reglur um litmerkibyssur hinn 26. júní 2000 og tóku þær þegar gildi.

Meðal ákvæða í reglunum er að enginn má flytja inn litmerkibyssur nema þeir sem hafa starfsleyfi til að flytja inn skotvopn og skotfæri og félög sem hafa litboltaleik að markmiði og hafa hlotið viðurkenningu ríkislögreglustjórans. Til áramóta voru þrjú slík félög viðurkennd. Alls hafa 262 litmerkibyssur verið fluttar til landsins samkvæmt þessum reglum.

## Tækja- og búnaðardeild

### Ökutæki

Með nýju skipulagi og undir stjórn ríkislögreglustjórans fór fram umfangsmeiri endurnýjun lögreglubifreiða á árinu 2000 en nokkru sinni fyrr.

Flestar bifreiðarnar fóru til embættis lögreglustjórans í Reykjavík.

<i>Embætti</i>	<i>Fjöldi bifreiða</i>
Lögreglustj. í Reykjavík	24
Önnur lögregluembætti	20
<b>Samtals:</b>	<b>44</b>

Tegundir og gerðir nýrra bifreiða voru sem hér segir:

<i>Tegund bifreiðar</i>	<i>Gerð bifreiðar</i>	<i>Fjöldi bifreiða</i>
Isuzu Trooper	jeppi	1
M. Benz Vito	sendibifreið	4
Nissan Patrol	jeppi	1
Opel Omega	fólksbifreið	11
Opel Vectra	fólksbifreið	9
Subaru Legacy	fólksbifr. (4x4)	9
Suzuki Baleno	fólksbifreið	8
VW Caddy	fólksbifreið	1
<b>Samtals:</b>		<b>44</b>

Innkaup lögreglubifreiða fara fram með nokkuð hefðbundnum hætti og oftast í tengslum við kaup annarra ríkisstofnana á grundvelli útboðs. Sá ferill lýtur lögum og reglugerð um opinber innkaup. Ríkiskaup annast forval tegunda í hverjum útboðsflokki. Ríkislögreglustjórinn leggur fram áætlun um endurnýjun ökutækja fyrir bílanefnd ríkisins þar sem bæði er greint frá þeim tegundum sem óskað er eftir að kaupa og sundurliðað hvaða ökutæki á að endurnýja. Útboð fer síðan fram og ávallt einboðið að ganga að lægsta tilboði. Á árinu 1999 varð þó sú breyting að velja má milli tveggja lægstu boða ef frávik í verði er 7% eða minna.

Nokkur umræða hefur verið um innkaupaferli ökutækja lögreglunnar,



**Standsetning lögreglubifreiðar**

Agnar Hannesson, umsjónarmaður á þjónustumiðstöð, að störfum.

meðal annars um möguleika á gerð rammisamninga þar sem ökutækjum væri skipt út eftir aldri eða notkun. Þeirri umræðu er ekki lokið en ýmis vandkvæði eru á breytingum, þar á meðal vegna þess mikla sérbúnaðar sem koma þarf fyrir í lögreglubifreiðum. Athugaðir hafa verið möguleikar á rekstrarleigu en það hefur ekki gengið eftir, aðallega vegna hárra leigugjalda af völdum skemmda sem sérbúnaður veldur á ökutækjunum.

Bílanefnd ríkislögreglustjórans lagði til sameiningu alls ökutækjarekstrar lögreglunnar í skýrslu sinni árið 1998. Hefur frá þeim tíma verið unnið að því markmiði og þann 1. janúar 2000 kom sameiningin að fullu til framkvæmda þegar ríkislögreglustjórinn yfirtók umsjón með rekstri lögreglubifreiða í Reykjavík. Frá sama tíma var bifreiðaverkstæði lögreglunnar í Reykjavík lagt niður. Á árinu 1999 starfaði vinnuhópur ríkislögreglustjórans og lögreglustjórans í Reykjavík vegna hins nýja fyrirkomulags. Tillögur þess hóps lágu fyrir í september 1999 og var þeim fylgt við sameininguna. Skiptar skoðanir voru í upphafi um sameiginlegan rekstur og töldu sumir að með þannig skipan drægi úr akstri lögreglu-

bifreiða og þar með eftirliti. Samanburður ekinna kílómetra allra lögreglubifreiða á landinu leiðir þó í ljós að svo er ekki (sjá töflu neðst á blaðsíðunni).

Ríkislögreglustjórinn náði samningum við Vegagerðina um húsnæði í Borgartúni 5 fyrir þjónustumiðstöð ökutækja lögreglunnar. Þjónustumiðstöðin hefur á hendi alla umsýslu ökutækjanna; umsjón með standsetningu nýrra og frágang þeirra sem á að selja. Leita ber heimilda og leiðsagnar miðstöðvarinnar varðandi allt er lýtur að ökutækjunum. Þá er fullkomin, sjálfvirk þvottastöð í þjónustumiðstöðinni og þar fara fram öll þrif ökutækja Reykjavíkurlögreglunnar auk þess sem embættin í Kópavogi og Hafnarfirði nýta þvottastöðina í auknum mæli.

Markmið hins nýja skipulags er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til kaupa á ökutækjum og að lögreglubifreiðar verði ætíð í fullkomnu lagi og uppfylli öryggiskröfur samkvæmt þeim stöðlum sem um lögreglubúnað gilda. Segja má að þegar kerfið var tekið upp hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til þess að mikill hluti ökutækja lögreglunnar var fimm ára og eldri. Gert var ráð fyrir að viðhaldskostnaður myndi lækka en sá árangur getur ekki náðst nema með því að endurnýja ökutækin fyrst. Þrátt fyrir mikla endurnýjun ökutækja á árinu náðist ekki nægjanlegur árangur í að draga úr kostnaði. Stafar það meðal annars af því að nýjar bifreiðar komust ekki í gagnið fyrr en um mitt ár og varð að kosta talsverðum fjármunum í brýnasta viðhald nokkurra bifreiða sem voru síðan endurnýjaðar.

Á árinu 1998 kom í ljós að af 165 lögreglubifreiðum í landinu voru 79 af árgerð 1993 og eldri og þar af 26 af

Heildarakstur lögreglubifreiða á Íslandi				
Ár	Eknir kílómetrar	Fjöldi ökutækja	Meðalakstur hvers ökutækis	Meðalakstur á 5 árum
1996	4.373.375	164	26.667 km	133.355 km
2000	5.518.507	151	36.546 km	182.730 km

árgerð 1990 eða eldri. Í algjört óefni stefndi vegna aldurs og ástands bifreiðanna. Þá var forgangsakstursbúnaður mikið til úr sér genginn. Fjárveitingar til endurnýjunar höfðu staðið í stað árum saman og ljóst að þær dygðu ekki óbreyttar til þess að leysa vandann. Með samkomulagi ríkislögreglustjórans við fjármála- og dómsmálaráðuneytin um nýtt rekstarfyrirkomulag ökutækja lögreglunnar var brugðist við á skipulegan og öruggan hátt. Þá hafa lögreglustjórar stutt nýtt skipulag meðal annars með endurmati á þörf embættanna fyrir fjölda og gerðir lögreglubifreiða. Reiknað er með að árið 2003 verði endurnýjun ökutækja lokið, þannig að þau verði öll yngri en fimm ára og reglubundin endurnýjun tryggir gott ástand þeirra.

Til þess að það markmið næðist að yngja upp bifreiðaflotann var ljóst að kaupa þyrfti mun meira af lögreglubifreiðum strax í upphafi en sem nam fjárveitingum ársins. Auk þess sem í umferð voru fjölmargar lögreglubifreiðar sem ekki var forsvaranlegt að nýta sem slíkar. Því var fyrirséð að halli yrði á rekstrinum á meðan verið væri að endurnýja ökutækin og koma þeim í viðunandi horf. Með samþykki ráðuneyta dómsmála og fjármála voru því keyptar mun fleiri bifreiðar en fjárheimildir voru fyrir, þar sem ljóst var að endurnýja varð stóran hluta bifreiðaflotans til þess að losna undan miklum og viðvarandi viðhaldskostnaði. Hallinn sem af þessu skapaðist og halli fyrri ára (sem færður var á bílaliðinn af gamla fjárveitingaleið dómsmálaráðuneytisins) yrði umborinn í þann tíma sem það tæki að ná rekstrarjafnvægi.

### **Einkennisfatnaður**

Engar breytingar urðu á einkennisfatnaði lögreglunnar á árinu 2000. Samningar við framleiðendur og

seljendur voru framlengdir um eitt ár en nýr samningur var gerður vegna einkennisstyrtna. Útboð einkennisfatnaðar fer fram á árinu 2001 og í tengslum við það verður endurskoðuð reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar frá 1998. Samkvæmt boði ríkislögreglustjórans frá árinu 1998 starfar lögreglan einkennisbúin nema í sérstökum undantekningatilvikum með heimild lögreglustjóra í hvert sinn. Þessi breyting hefur gert lögregluna sýnilegri og ætlað að stuðla að samræmdu yfirbragði.

### **Endurnýjun fjarskiptabúnaðar**

Endurnýjun fjarskiptabúnaðar fór fram á árinu í ökutækjum lögreglunnar á Selfossi, í Kópavogi, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli, í Hafnarfirði og Reykjavík með tilkomu nýs, stafræns fjarskiptakerfis (sjá hér aftar). Á sama tíma voru teknar í notkun nýjar handtalstöðvar, sem eru af gerðinni Motorola eins og bílstöðvarnar. Þetta er stærsta fjárfesting í fjarskiptabúnaði lögreglu til þessa og standa vonir til þess að hið nýja fjarskiptakerfi nái til alls landsins innan fárra ára. Mestur hluti búnaðarins sem skipt var út var úr sér genginn en þó nokkuð af handtalstöðvum var hægt að nýta áfram og voru þær afhentar lögregluliðum víða um land sem enn nota VHF-fjarskiptakerfi.

### **Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar**

Fyrsti starfsdagur Fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar (FML) var 19. júní 2000 þegar lögreglustjóraembættið í Reykjavík flutti fjarskiptaþjónustu sína klukkan sjö að morgni til FML. Hinn 2. ágúst gerðu lögregluliðin í Kópavogi og Hafnarfirði hið sama, og lögreglan í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli hinn 17. ágúst. Gert var ráð fyrir því að lögreglan á Selfossi gerði hið sama en

af því hefur enn ekki orðið vegna þess að fjarskiptasamband næst ekki á öllu starfssvæði hennar.



**Úr fjarskiptamiðstöð lögreglunnar**

Jónína S. Sigurðardóttir var ráðin yfirmaður FML og varð þar með fyrsta konan í stöðu aðstoðaryfirlöggluþjóns á Íslandi.

*Samskipti FML og embættanna*

Ekki verður annað sagt en að samskipti FML og þeirra lögregluembætta, sem þjónustunnar njóta, hafi verið með ágætum. Virðist mest breyting hafa orðið hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sem fór fram á það strax í upphafi að FML veitti alla þá þjónustu við embættið sem stjórnstöð embættis-

ins sinnti áður. Strax varð ljóst að ekki yrði unnt að verða að fullu við þeirri kröfu vegna takmarkaðs mannafla og starfsaðstöðu en einnig vegna samkomulags sem lögreglustjórar hlutaðeigandi embætta gerðu í upphafi sín á milli um að þau skyldu öll njóta sömu þjónustu.

*Verkefni*

Með tilkomu FML hófst samvinna við Neyðarlínuna, sem hefur gengið vel. Hlutverk Neyðarlínunnar vegna þjónustu við lögreglu er að svara öllum símtölum vegna neyðartilvika og aðstoðarbeiðna til lögreglu. Nær þessi þjónusta til allra símtala sem áður fóru um sérstök útkallsnúmer (neyðarnúmer) lögregluliðanna. Neyðarlínan annast fyrstu skráningu og forgangsröðun neyðarsímtala, eftir því hvort um er að ræða neyðarverkefni eða önnur útkallsverkefni og framsendir þau síðan vélrænt til FML.

Þannig er öllum símtölum, þar sem óskað er aðstoðar lögreglu á suðvesturhorni landsins, beint til FML.

*Nýtt, stafrænt fjarskiptakerfi eykur starfsgetu viðbragðsaðila að mun*

**Alvarlegt** umferðarslys varð á Reykjanesbraut við Kúagerði, þar sem þrír létust. Allar ráðstafanir vegna slyssins voru gerðar frá FML. Á vettvang voru send lögreglulið frá Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík, ásamt sjúkraliði. Lögregla úr Keflavík og Hafnarfirði var fyrst á vettvang og tók fyrrnefnda liðið að sér vettvangsstjórn. Hafnfirðingar sáu um vettvangsvinnu, og lögregla úr Kópavogi og Reykjavík sá um lokanir og umferðarstjórn. Einnig sáu lögreglumenn úr Reykjavík um það að vera undanfarar fyrir sjúkrabifreiðar á leið á Landspítalaháskólasjúkrahús í Reykjavík. Öll lögregluliðin störfuðu í sama talhópi í Tetrakerfinu, ásamt sjúkraliði, og reyndist það mjög vel fyrir allt samstarf á vettvangi og við stjórnun frá FML.

**Umferðarslys** varð í Hafnarfirði á Reykjanesbraut við Kaplakrika. Þar lentu fjórir bílar í árekstri með þeim afleiðingum að einn maður lést. Að því slysi komu lögreglulið frá Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík. Varðstjóri Hafnarfjarðarlögreglu annaðist vettvangsstjórnun, lögreglan í Kópavogi aðstoðaði við umferðarstjórn en lögreglan í Reykjavík sá um vettvangsvinnu og umferðarlokanir. Sjúkraliðið vann á vettvangi og flutti slasað fólk frá vettvanginum. Öll lögregluliðin og sjúkralið unnu í sama talhópi í þessu tilfalli.



Símtölum, sem ekki teljast neyðarverkefni eða önnur útkallsverkefni, vísar Neyðarlínan hinsvegar í símanúmer viðkomandi lögregluliðs.

Samkvæmt talningu símtala sem flutt hafa verið frá Neyðarlínunni til FML frá júlí 2000 til áramóta, voru þau samtals 35.174. Einnig berst mikið af erindum í beint símanúmer FML og hefur svo verið frá upphafi en talning á þeim símtölum liggur ekki fyrir.

Vinnulag við verkefni hefur breyst með nýjum tækjabúnaði. Við opnun FML var tekið upp nýtt, stafrænt fjarskiptakerfi í svokölluðum Tetra-staðli. Hinn nýi fjarskiptamáti hefur sýnt sig vera gríðarlega mikilvægur í vinnu við stór slys, til dæmis, og ber öllum saman um að það, ásamt miðlægri stjórnstöð, skapi í raun byltingu í starfi viðbragðsaðila. Eftirfarandi dæmi eru til marks um þetta.

#### *Tækjabúnaður*

Auk þess að hefja nýja starfsemi á sviði fjarskipta var einnig tekinn í notkun nýr fjarskiptabúnaður frá Motorola. Ekki hafði verið lokið við uppsetningu búnaðarins þegar starfsemin hófst. Unnu starfsmenn Motorola að uppsetningu og fínstillingum á kerfinu fram í miðjan nóvember. Var kerfið þá komið í nokkuð þokkalegt ástand. Hinn 27. nóvember var hafist handa við að uppfæra hugbúnað Tetrakerfisins. Eftir uppfærsluna var ljóst að kerfið var í mun verra ástandi en það hafði verið fyrir hana. Starfsmenn Motorola komu þá aftur til landsins til að kanna hvað hefði farið úrskaiðis. Í ljós kom að hugbúnaðurinn hafði verið gallaður og þar með uppfærslan. Ljóst var að ekki væri að fullu hægt að gera við gallana í kerfinu öðruvísi en að ráðast í nýja uppfærslu. Einnig var ljóst að ekki yrði hægt að fara í þá uppfærslu fyrir en eftir áramót og fara þá í hugbúnaðar-

uppfærslu sem útboðssamningur hljóðaði upp á. Mikil vinna hlaut á þessu því bæði þurfti að uppfæra hugbúnað í miðkefinu og í öllum notendabúnaðinum. Við það skapaðist aukið álag á FML vegna þess hve kerfið hefur verið óstöðugt.

Einnig má geta þess að í tengslum við Tetrakerfið hefur verið settur upp ferilvöktunarbúnaður sem sýnir staðsetningu lögreglubílanna hverju sinni, hversu hratt þeim er ekið, hvort neyðarljósabúnaður hafi verið notaður og hvort þeir séu í umferð. Þetta ferilkerfi gefur aukna möguleika á skipulagi aðgerða og stuðlar um leið að aukinni skilvirkni í starfi ásamt auknu öryggi fyrir lögreglumenn.

#### *Starfsmannahald*

Þegar starfsemi FML hófst voru ráðnir þangað 14 lögreglumenn. Tólf þeirra á tólf tíma sólarhringsvaktir auk aðalvarðstjóra og aðstoðaryfirlögregluþjóns á dagvakt. Hvað varðar mannahald olli tímasetning á upphafi starfsemi FML á miðju sumarleyfistímabili nokkrum erfiðleikum. Allt starfsfólkið átti eftir að taka sumarleyfi og ekki voru ráðnir afleysingamenn. Var því ekki um aðra að ræða en starfsfólk FML til að mæta óhjákvæmilegri aukavinnuþörf. Segja má að FML hafi svo fengið eldskírn sína dagana 1. og 2. júlí þegar kristnihátíð var haldin á Þingvöllum. Gekk starfsemin vel fyrir sig að öðru leyti en því að tækjabúnaðurinn var ekki að fullu kominn í notkun.

---

## **Alþjóðleg lögreglustörf**

---

### **Löggæsla í Balkanlöndum**

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum ríkislögreglustjórans eru íslenskir lögreglumenn starfandi í alþjóðlegum lögreglusveitum Samein-

uðu þjóðanna í Bosníu-Herzegóvínu og Kosovo. Fyrstu íslensku lögreglumennirnir fóru til Bosníu í október 1997 en þátttaka í löggæslu í Kosovo hófst í nóvember 1999. Nú eru á hverjum tíma starfandi þrír lögreglumenn í Bosníu og tveir í Kosovo. Sá munur er á störfum lögreglumanna að í Kosovo eru þeir vopnaðir og fara með fullt lögregluvald. Þeir eru í raun eina lögreglan í landinu þó verið sé að byggja upp staðarlögreglu samhliða. Í Bosníu er starfið hinsvegar fólgið í eftirliti með yfirvöldum, sem þegar eru til staðar, svo sem lögreglu, dómstólum og fangelsisyfirvöldum, auk kennslu, þjálfunar og rannsóknastarfa (sjá ítarlegri umfjöllun um friðargæslumálefnið í viðauka II).

### Nordic Peace 2000

Dagana 25. september til 6. október tók Björn Halldórsson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn, þátt í æfingunni „Nordic Peace 2000“, sem haldin var á Sjálandi í Danmörku. Þetta var fjórða æfing sinnar tegundar á Norðurlönd-

unum en hin fyrsta með aðild Íslands. Varnarmálaráðherrar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar stofna til æfinganna, sem haldnar eru í anda samstarfs í þágu friðar („Partnership for Peace”).

Markmið æfinganna er að skoða hlutverk, skyldur og aðgerðir þjóðlegra og alþjóðlegra, borgaralegra yfirvalda og annarra borgaralegra stofnana í friðarumleitunum og friðargæsluverkefnum, að skoða samstarf milli borgaralegra samtaka og hers og gefa þeim, sem starfa að borgaralegum verkefnum og mannúðarmálum, innsýn í það stjórnunarfyrikomulag, sem stuðst er við í friðargæsluverkefnum.

Hermenn frá framantöldum ríkjum og Eystrasaltsþjóðunum tóku meðal annarra þátt í æfingunni en einnig borgaraleg lögregla allra Norðurlandanna, Rauði krossinn, Flóttamanna-stofnun Sameinuðu þjóðanna, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og fleiri. Kostnað af þátttöku Íslands greiddi utanríkisráðuneytið.

#### *Leiðrétting frá sviði 2 vegna ársskýrslu 1999:*

Í ársskýrslu 1999 kemur fram að samtals hafi 85 fyrirtæki fengið leyfi til að framleiða, flytja inn og versla með áfengi í heildsölu. Hið rétta er að upp gefin tala á við heildarfjölda gildandi leyfa á árinu. Þar af voru 38 ný leyfi gefin út og af þeim voru 11 endurnýjanir.



*Sviðsstjóri*

**Jónmundur Kjartansson, yfirlögrelupjónn**

*Deildir og verkefni:*

### **Starfsmannadeild**

Starfsmannamál lögreglu.

### **Tölvudeild**

Notendapjónusta tölvubúnaðar, stefnumarkandi ákvörðun um landskerfi og aðgangsstýringu.

### **Lögrelustöðvar**

Stefnumörkun um skipulag lögrelustöðva og búnað þeirra, eftirlit með lögrelustöðvum.

## Svið 3

### **Starfsmannadeild**

Á árinu 1999 voru stöðuheimildir í lögreglu alls 637. Þeim fjölgaði í 666 á árinu 2000, eða um 29 stöður. Vegna breytinga, sem Alþingi gerði á lögrelulögum um námstilhögun við Lögreluskóla ríkisins, voru tveir árgangar útskrifaðir á árinu, í maí og desember, samtals 62 lögrelumenn og þar af 11 konur. Sjá nánari úttekt og tölfraði um starfsmannamál hér aftar.

### **Tölvudeild**

Meginhlutverk deildarinnar er að hafa umsjón með svonefndum landskerfum lögreglu, sem eru á víðneti dómsmálaráðuneytisins. Jafnframt rekur tölvudeildin netkerfi embættisins. Á árinu 2000 flutti embættið í nýtt húsnæði og samhliða því jókst umfang netkerfisins til muna. Þar má nefna nýja verkefnaflokka sem bæst hafa við hjá embættinu, SIRENE-skrifstofu, bílamiðstöð og fjarskiptamiðstöð lögreglu. Samhliða flutningnum tók deildin jafnframt að sér umsjón með síma-, aðgangs- og öryggiskerfi embættisins.

### **P- kortakerfi**

Með reglugerð nr. 369/2000, frá 30. maí 2000, var ríkislögrelustjóranum falið að annast útgáfu stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða. Um er að ræða kort sem veitir handhafa þess heimild til að leggja í sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða og gilda þau í öllum aðildarlöndum samningsins um




**Afritun gagna vegna rannsóknar**

Guðmundur Andrés Jónsson, lögreglufulltrúi að störfum.



evrópskt efnahagssvæði (EES). Fram að þessu hafði Sjálfsbjörg séð um útgáfu korta fyrir fatlaða, sem gefin voru út á einstaklinga og bifreiðar. Þetta verkefni bar brátt að og ekki var tilbúinn neinn gagnagrunnur til að halda utan um útgáfuna. Varð því að handvinna kortin og halda utan um handhafa þeirra í heimagerðum gagnagrunni. Á árinu 2000 var 121 stæðiskort fyrir hreyfihamlaða gefið út.

**Sektakerfið**

Árið 2000 var þriðja heila árið, sem hið nýja sektakerfi var í notkun. Sá



munur er á fjölda sektarboða og brota, að sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot. Nokkur fjölgun hefur verið á sektarboðum þessi ár (sjá mynd að ofan). Aukning heildarfjölda sektarboða árið 2000 frá árinu á undan nemur 2,16%. Hér er átt við þau brot sem afgreidd voru með því að senda þeim kærða greiðsluseðil, þar sem boðið var upp á að ljúka málinu með greiðslu sektar, en ekki þau sem fóru





beint í ákæru. Innheimta sekta dróst lítillega saman á landsvísu frá árinu 1999, eða úr 79,9% í 79,4%.

Hvað varðar einstök embætti fjölgaði sektarboðum hlutfallslega mest hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli, úr 225 í 787, eða um 250%. Hjá lögreglunni á Seyðisfirði fjölgaði sektarboðum úr 226 í 510 á síðasta ári, eða um 126%. Hjá lögreglunni á Blönduósi varð fjölgun úr 1.421 í 2.188, eða um 54%. Þá varð einnig mikil fjölgun sektarboða hjá lögreglunni á Hólmarvík, úr 193 í 286, eða um 48%, og hjá lögreglunni í Hafnarfirði úr 2.376 í 3.543, eða um rúm 49%. Hjá öðrum

embættum varð fjölgunin minni og fækkun varð sumstaðar. Hvað varðar fjölgun eða fækkun sektarboða er rétt að taka fram, að í báðum tilvikum getur það tengst auknu umferðareftirliti. Aukið umferðareftirlit um langan tíma getur leitt til fækkunar brota á því svæði, um leið og aukið eftirlit á svæði þar sem það hefur áður verið lítið, verður til þess að fleiri brot eru kærð en áður.

Á árinu fengu alls 14.195 einstaklingar umferðarpunkta. Þá voru 182 einstaklingar sviptir ökuréttindum vegna umferðarpunkta, þar af 8 konur. Langflestir þeirra sem sviptir voru



ökuréttindum vegna umferðarpunkta voru á aldrinum 17 til 24 ára, eða 173 talsins. Athygli vekur að einungis 9 öikumenn eldri en 25 ára voru sviptir ökuréttindum vegna umferðarpunkta. Þáttur kvenna í viðurlögum vegna umferðarlagabrot er athyglisverður, en konur eru einungis 23% þeirra sem fengu umferðarpunkta á árinu 2000 og 4,4% þeirra sem sviptir voru ökuréttindum af þeim sökum. Hvað einstaka flokka brota varðar, þá fjölgaði skráðum brotum á reglum um hámarks áspunga bifreiða lítillga, úr 373 árið 1999 í 383 árið 2000. Þá varð fækkun á skráðum brotum vegna vanrækslu á að færa bifreiðar til aðalskoðunar. Árið 1999 voru 8.417 sektir vegna þess, en árið 2000 voru þær 7.864. Sektum fyrir að aka of hratt fjölgaði úr 16.755 árið 1999 í 17.422 árið 2000. Árið 1998 voru 18.832 sektir fyrir of hraðan akstur. Sektir fyrir of hraðan akstur eru 42% allra sekta fyrir umferðarlagabrot.

### Fræðslu- og vinnuferðir

Starfsmenn tölvudeildar fóru í skipulagðar heimsóknir til flestra embætta á árinu og aðstoðuðu og leiðbeindu eftir þörfum. Árni Albertsson og Guðmundur A. Jónsson sóttu árlegan fund tölvudeilda lögreglu á Norðurlöndum í Finnlandi. Árni og Jónmundur sóttu fund um jafnrétti kynjanna sem haldinn var í Ósló og fóru jafnframt í heimsókn til starfsmannadeildar ríkislögreglustjórans í Kaupmannahöfn.

### Lögreglustöðvar

Á árinu var tekin í notkun ný lögreglustöð hjá lögreglunni í Stykkishólmi og á Hólmavík og jafnframt var lögreglustöðin á Höfn stækkuð og endurbætt.

Um leið og ný lögreglustöð var tekin í notkun í Stykkishólmi var lögreglustöðin sem þar var fyrir flutt í Grundarfjörð en þar var húsnæði lögreglunnar orðið mjög bágborið.

### Tölulegar upplýsingar um starfsmannamál

Hér fara á eftir tölulegar upplýsingar sem varða lögregluna í landinu. Fyrsta taflan sýnir fjölda útskrifaðra lögreglumanna frá lögregluskólanum frá 1975.

Útskrifaðir úr Lögregluskóla ríkisins				
Ár	Alls	Konur	Karlar	Konur %
1975	33	1	32	3,03
1976	35	4	31	11,43
1977	34	2	32	5,88
1978	26	2	24	7,69
1979	32	1	31	3,13
1980	31	2	29	6,45
1981	19	1	18	5,26
1982	21	0	21	0,00
1983	25	2	23	8,00
1984	31	0	31	0,00
1985	29	1	28	3,45
1986	18	0	18	0,00
1987	30	3	27	10,00
1988	43	3	40	6,98
1989	40	3	37	7,50
1990	34	3	31	8,82
1991	23	1	22	4,35
1992	37	2	35	5,41
1993	28	5	23	17,86
1994	20	3	17	15,00
1995	0	0	0	
1996	9	0	9	0,00
1997	14	1	13	7,14
1998	16	3	13	18,75
1999	30	8	22	26,67
2000-1	31	5	26	16,13
2000-2	31	6	25	19,35
<b>Samtals</b>	<b>720</b>	<b>62</b>	<b>658</b>	
<b>Hlutfall kynja</b>		<b>8,61</b>	<b>91,39</b>	

Taflan hér á eftir sýnir fjölda stöðuheimilda lögreglumanna eftir lögregluumdæmum árið 2000 og nokkur fyrri ár til samanburðar.

<b>Stöðuheimildir lögreglumanna árið 2000</b>									
<i>Lögregluembætti</i>	<b>2000</b>	<i>Héraðs- lögr.m. <sup>1)</sup></i>	<b>1999</b>	<b>1998</b>	<b>1997</b>	<b>1996</b>	<b>1995</b>	<b>1990</b>	<b>1985</b>
Akranes	11		11	11	11	11	11	11	12
Akureyri	31	1	31	31	30	30	31	31	33
Blönduós	6	5	6	5	5	5	5	5	4
Bolungarvík	2	4	2	2	2	2	2	2	3
Borgarnes	7	3	7	6	6	6	6	6	5
Búðardalur	1	5	1	1	1	1	1	1	1
Eskifjörður	9 <sup>2)</sup>	8	6	6	5	5	5	7	6
Hafnarfjörður	38		38	38	40	37	39	39	41
Hólmavík	2	4	2	1	1	1	1	1	1
Húsavík	9	7	9	9	9	9	9	9	9
Hvolsvöllur	4	4	4	4	4	4	4	4	5
Höfn	3	7	3	3	3	3	3	3	4
Ísafjörður	13	6	13	13	12	12	12	12	14
Keflavík	40		38	34	39	37	39	38	33
Keflavíkurlflugvöllur	39		34	38	37	39	33	34	38
Kópavogur	26		25	25	24	24	24	24	23
Lögregluskóli ríkisins	5		5	4	4	4	4	6	1
Neskaupstaður	<sup>2)</sup>		2	2	2	2	2	2	2
Ólafsfjörður	2		2	2	2	2	2	2	2
Patreksfjörður	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Rannsóknarlögregla ríkisins				0	44	44	41	41	36
Reykjavík	288 <sup>3)</sup>		297	289	261	261	261	264	237
Ríkislögreglustjórnin	57 <sup>4)</sup>		31	28					
Sauðárkrúkur	8	8	8	8	7	7	7	7	8
Selfoss	27		26	26	26	26	24	22	22
Seyðisfjörður	7	9	6	6	5	5	5	3	3
Siglufjörður	4	5	4	4	4	4	4	6	6
Stykkishólmur	9	5	9	9	9	9	9	9	9
Vestmannaeyjar	11		11	11	11	11	11	11	13
Vík	3	4	2	2	2	2	1	1	1
<b>Samtals öll embætti</b>	<b>666</b>	<b>90</b>	<b>637</b>	<b>622</b>	<b>610</b>	<b>607</b>	<b>600</b>	<b>605</b>	<b>576</b>

<sup>1)</sup> Fjöldi héraðslögreglumanna í lok árs 2000 (kemur til viðbótar öðrum stöðuheimildum).  
<sup>2)</sup> Embætti lögreglustjórans í Neskaupstað sameinað embættinu á Eskifirði.  
<sup>3)</sup> 15 stöður fluttar til ríkislögreglustjórans vegna fjarskiptamiðstöðvar lögreglu og ein staða vegna bílamiðstöðvar. Á móti kom staða yfirlögregluþjóns, aðstoðaryfirlögregluþjóns og 5 stöður fíkniefnalögreglumanna.  
<sup>4)</sup> 14 stöður vegna fjarskiptamiðstöðvar lögreglu, 2 í fíkniefnalögreglu, 2 í bílamiðstöð, 4 á SIRENE-skrifstofu og 4 í umferðardeild.

# R Í K I S L Ö G R E G L U S T J Ó R I N N

<b>Fjöldi íbúa og lögreglumanna og íbúa pr/lögreglumann 1. janúar 2000</b>			
<i>Lögregluembætti</i>	<i>Lögreglumenn 2000</i>	<i>Íbúafjöldi 1. des. 1999</i>	<i>Fjöldi íbúa / lögr.mann</i>
Akranes	<b>11</b>	5.342	486
Akureyri	<b>31</b>	19.755	637
Blönduós	<b>6</b>	3.481	580
Bolungarvík	<b>2</b>	997	499
Borgarnes	<b>7</b>	3.769	538
Búðardalur	<b>1</b>	775	775
Eskifjörður	<b>9</b>	4.938	549
Hafnarfjörður	<b>38</b>	28.499	750
Hólmavík	<b>2</b>	882	441
Húsavík	<b>9</b>	5.527	614
Hvolsvöllur	<b>4</b>	2.797	699
Höfn	<b>3</b>	2.412	804
Ísafjörður	<b>13</b>	4.529	348
Keflavík	<b>40</b>	16.050	401
Keflavíkurflugvöllur	<b>39</b>		
Kópavogur	<b>26</b>	22.568	868
Lögregluskóli ríkisins	<b>5</b>		
Ólafsfjörður	<b>2</b>	1.073	537
Patreksfjörður	<b>4</b>	1.900	475
Reykjavík	<b>288</b>	120.447	418
Ríkislögreglustjórinn	<b>57</b>		
Sauðárkrókur	<b>8</b>	4.407	551
Selfoss	<b>27</b>	12.356	458
Seyðisfjörður	<b>7</b>	4.777	682
Siglufjörður	<b>4</b>	1.561	390
Stykkishólmur	<b>9</b>	4.170	463
Vestmannaeyjar	<b>11</b>	4.585	417
Vík	<b>3</b>	1.105	368
<b>Samtals öll embætti</b>	<b>666</b>	<b>278.702</b>	<b>418</b>
<i>Íbúafjöldi miðast við tölur Hagstofu Íslands frá 1. desember 1999. Fjöldi lögreglumanna miðast við stöðuheimildir.</i>			



**Meðalmánaðarlaun karla og kvenna í lögreglu. Samanburður tveggja ára. Tölur í krónum.**

Staða	Nánari lýsing	2000		1999	
		Karlar	Konur	Karlar	Konur
Yfirlögregluþjónn		361.054	0	350.156	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn		342.965	401.136	330.635	0
Lögreglufulltrúi		310.442	232.558	301.181	225.330
Aðalvarðstjóri		331.262	380.575	318.481	274.087
Rannsóknarlögreglum. 1	Eftir 3 ár sem rlm. 2	285.502	232.943	273.162	240.101
Lögregluvarðstjóri		302.731	237.621	294.128	260.080
Rannsóknarlögreglum. 2		261.951	259.878	271.181	216.123
Aðstoðarvarðstjóri		282.054	313.825	274.635	251.607
Lögr.m.Flokksstjóri 1	Eftir 15 ár í lögr.starfi	265.142	241.830	255.945	264.442
Lögr.m.Flokksstjóri 2	Eftir 10 ár í lögr.starfi	283.253	242.943	258.082	187.503
Lögr.m.Flokksstjóri 3	Eftir 5 ár í lögr.starfi	257.029	235.797	241.584	235.116
Lögreglumaður	Í sérhæfðu starfi	236.505	233.390	238.120	214.669
Lögreglumaður	Eftir lögregluskóla	221.643	207.748	221.154	214.084
Afleysingamaður	Án prófs frá lögr.skóla	178.742	169.441	178.305	164.536

Upplýsingar um laun eru fengnar frá launadeild Ríkisbókhalds. Það athugist að hér er um að ræða meðaltal mánaðarlauna, þannig fengið að reiknuð eru út heildarlaun ársins fyrir hvert starfsheiti og síðan meðaltal á

mánuði á hvert stöðuheiti út frá fjölda ársverka. Ekki er munur á grunnlaunum karla og kvenna í hverju stöðuheiti, heldur felst mismunurinn fyrst og fremst í mismikilli aukavinnu og mismunandi starfsaldursþrepum.

**Umsóknir um stöður aðstoðarvarðstjóra og hærra settra.**

Fjöldi umsækjenda um stöður aðstoðarvarðstjóra og hærra settra, skipt eftir kynjum, og fjöldi þeirra sem fengu og fengu ekki stöður.

Árið 2000					
Kyn	Fjöldi umsókna	Fengu stöðu	% sem fengu stöðu	Fengu ekki stöðu	% sem fengu ekki
Konur	9	5	55,6	4	44,4
Karlar	230	72	31,3	158	68,7

Árið 1999					
Kyn	Fjöldi umsókna	Fengu stöðu	% sem fengu stöðu	Fengu ekki stöðu	% sem fengu ekki
Konur	8	4	50,0	4	50,0
Karlar	181	58	32,0	123	68,0



Sviðsstjóri

**Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn**

#### *Deildir og verkefni:*

#### **Rannsóknadeild**

Rannsókn brota gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum, aðstoð við lögreglustjóra vegna rannsókna alvarlegra brota, önnur verkefni samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

#### **Tæknirannsóknastofa**

Tæknilegar rannsóknir, aðstoð við vettvangsrannsóknir, samanburðarrannsóknir, fingrafara- og ljósmyndasafn, ráðgjöf og leiðsögn o.fl.

#### **ID-nefnd**

Rannsóknanefnd til að bera kennsl á látna menn.

#### **Fíkniefnastofa / upplýsingadeild**

Söfnun, skráning og úrvinnsla upplýsinga o.fl.

#### **Handbækur / ársskýrsla / tölfræði**

Útgáfa lögregluhandbóka og ársskýrslu ríkislögreglustjórnar, tölfræðiupplýsingar.

#### **Forvarnir**

Stefnumörkun og samræming forvarnastarfs lögreglu, samstarf við aðra um forvarnir.

## Svið 4

Viðfangsefni sviðsins eru sem fyrr fjölbreytt og berast ýmist með formlegum eða óformlegum hætti. Einnig er frumkvæði starfsmanna að verkefnum veigamikl. Heildarfjöldi skráðra viðfangsefna á árinu var 697.

Eftir breytingu á lögum um meðferð opinberra mála er minna leitað eftir aðstoð rannsóknadeildar við rannsókn kynferðisbrotamála þó talsvert hafi verið leitað ráða hjá sviðinu um framkvæmdina. Þetta skýrist einkum af því að skýrslutaka af börnum fer fram fyrir dómi í þessum málum.

Á árinu voru samantektir og útgáfa af ýmsu tagi umfangsmikil. Þá var lögð mikil vinna í undirbúning landamæraeftirlits vegna aðildar Íslands að Schengen-samningnum.

Töluverð aukning hefur orðið á viðfangsefnum sem snúa að fíkniefnamálum. Þar má nefna eftirlit með vörslu og eyðingu fíkniefna, verkefni sem tengjast fíkniefnaleitarhundum, samstarfsverkefni lögreglu á Suðvesturlandi og aukið alþjóðlegt lögreglusamstarf.

Ennfremur var fræðsla töluverð, aðallega í fíkniefna- og tæknimálum.

## Rannsóknadeild

### Helstu verkefni

Starfsemi deildarinnar var með svipuðum hætti og árið á undan, og verkefni fjölbreytt eins og yfirlit hér að neðan sýnir. Aðstoðarhlutverk deildarinnar er veigamikilið í starfseminni. Aðstoð er ýmist veitt með því að aðstoðarlið fer í það umdæmi þar sem brot var framið, mál er unnið í starfsstöð ríkislögreglustjórans eða nægjanlegt þykir að veita aðstoð eða leiðbeiningar með öðrum hætti. Fjöldi aðstoðarbeiðna er í samræmi við árið á undan.

Helstu viðfangsefni	Fjöldi
Aðstoð og beiðnir ýmiskonar	55
Fyrirspurnir og upplýsingamiðlun	55
Aðstoð við rannsókn mála	43
Fíkniefnamálefni, önnur en rannsókn	101
Fundir og ráðstefnur	47
Kærur á hendur lögreglu o.fl.	6
Fyrirmæli og leiðbeiningar	11
Vinnuhópar	7
Hótunarmál	2
Ýmislegt annað, ótilgreint	27
<b>Samtals</b>	<b>354</b>

Árið 2000 var óvenjulegt að því leyti að fleiri manndrápsmál en áður sættu rannsókn. Aðstoð við rannsókn þessara mála tók talsverðan tíma, einkum vegna máls sem upp kom á seinni hluta ársins, og varðaði mann sem ráðinn var bani í Öskjuhlíð í Reykjavík. Aðstoðarlið kom einnig úr öðrum deildum embættisins og var að auki leitað aðstoðar lögregluliða í næstu umdæmum við þessa umfangsmiklu rannsókn, undir stjórn lögreglustjórans í Kópavogi. Í þessu máli reyndi á lagaheimild ríkislögreglustjórans til að styrkja lögreglulið við rannsókn máls, með því að kveðja til aðstoð frá nærliggjandi umdæmum.

### Samstarf lögregluliða á Suðvesturlandi í fíkniefnamálum

Í kjölfar reglna ríkislögreglustjórans um samræmdar aðgerðir í fíkniefnamálum frá því í maí 1999 komu yfirmenn lögregluliða á höfuðborgarsvæðinu á fund ríkislögreglustjóra til að ræða möguleika á að efla og samræma aðgerðir í fíkniefnamálum á Suðvesturlandi. Í kjölfarið var settur á stofn samstarfshópur til að koma með tillögur um samstarf um skipulagt götueftirlit í fíkniefnamálum á Suðvesturlandi.

Verkefnið hófst um miðjan febrúar 2000 með þátttöku embættanna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Keflavíkurflugvelli, Selfossi, Akranesi og Borgarnesi, auk ríkislögreglustjórans. Í byrjun var lagt upp með að samhæfa mannaflann og að tryggja fagleg og markviss vinnubrögð. Verkefnið stóð í þrjá mánuði og skapaðist á þeim tíma þekking og reynsla á svæðinu sem ekki var fyrir hendi áður. Árangur náðist með auknum afskiptum af brotamönnum. Síðast en ekki síst mynduðust tengsl milli lögreglumanna á svæðinu, sem tryggja eiga nánari samvinnu og upplýsingastreymi milli embætta.

Um haustið stóð til að auka samstarfið á ný en vegna mikilla verkefna við rannsóknir stórra fíkniefnamála var ekki hægt að fylgja þessu eins fast eftir og fyrirhugað var.

Á árinu beitti dómsmálaráðherra sér fyrir því að fjármagn til fíkniefnalöggæslu var aukið verulega. Fjölgað verður um sex nýjar stöður rannsóknalögreglumanna á næsta ári sem gefur möguleika á öflugri aðgerðum en áður.

## Fíkniefnaleitarhundar

Lögregluembættin hafa verið eflað til aðgerða í fíkniefnamálum. Liður í því er meðal annars að styrkja lögregluembættin, sem óskað hafa eftir að koma upp fíkniefnaleitarhundi, jafnframt því sem embættunum er lagt lið með því að senda menn og hunda milli umdæma þegar upp kemur grunur um brot og aðgerðir lögreglu leiða til leitar að fíkniefnum. Þannig geta jafnvel minnstu lögregluumdæmin gripið til umfangsmikilla aðgerða með styrktu lögregluliði og hundasveit. Þessi ráðstöfun féll í góðan jarðveg meðal þeirra sem berjast gegn fíkniefnum. Þá er ónefnt forvarnagildið sem leiðir af öflugri aðgerð sem mikið ber á. Verslunarmannahelgin er enn eitt dæmi í þessu sambandi, en þá voru gerð út þrjú teymi lögreglumanna (tveir lögreglumenn í hverju teymi) með fíkniefnaleitarhunda, sem komu embættunum til aðstoðar eftir því sem þörf var á. Var þetta til viðbótar þeirri löggæslu sem lögregluembættin héldu sjálf úti þessa helgi. Ennfremur lagði tollgæslan lögreglunni lið með fíkniefnaleitarhundi. Ekki leikur nokkur vafi á því að sú öfluga löggæsla, sem komið var á fót með fíkniefnaleitarhundum um verslunarmannahelgina, og umfjöllun um hana, dró úr meðferð fíkniefna á fjöldasamkomum, þar sem margt ungmennið hefur í gegnum tíðina stigið sitt fyrsta skref í neyslu fíkniefna.

## Schengen-samningurinn og fíkniefni

Á árinu 1999 settu ríkislögreglustjóri og ríkistollstjóri á stofn vinnuhóp lögreglumanna og tollvarða, sem hefur það meðal annars að markmiði að koma í veg fyrir að erlend glæpasamtök nái fótfestu hér á landi. Í júlí 2000 voru hópnum falin ýmis verkefni, sem tengjast fíkniefnamálum, meðal annars að gera tillögur um það hvernig

fíkniefnaeftirliti verði háttað eftir gildistöku Schengen-samningsins, hvernig hægt sé að efla það á öllum landamærastöðvum landsins, og hvernig lögregla og tollgæsla geti aukið samstarf sitt í baráttu gegn fíkniefnum. Vinnuhópurinn hefur unnið mikið starf við öflun upplýsinga hér á landi og erlendis, úrvinnslu þeirra og undirbúning að tillögugerð.

## Tölfræðiupplýsingar

Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans lagði á árinu mikla áherslu á söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga um fíkniefnamál, bæði erlendis frá og eins um stöðu mála hér á landi. Þannig hefur skapast betri sýn yfir málaflokkinn en áður. Þá hafa verið teknar saman upplýsingar um ákveðna brotaflokk, þar sem málin eru skoðuð ofan í kjölinn með það að markmiði að fækka brotum. Í sérstaklega útgefnum viðauka ársskýrslu 1999 er slík samantekt um líkamsmeiðingar. Þá á rannsóknadeildin fulltrúa í vinnuhópi er meðal annars hefur að markmiði að bæta möguleika málaskrákerfis lögreglunnar sem stjórnækis við að fækka afbrotum.

## Forvarnir

Á árinu voru forvarnir færðar undir svið 4. Ríkislögreglustjóri kemur að forvarnaþættinum vegna samræmingar milli umdæma. Vinnan hefur til þessa einkum snúið að fíkniefnamálum og útivistartíma. Landlæknir kom á fót samstarfi nokkurra aðila til að hefta útbreiðslu e-taflna (fíkniefnisins „ecstasy”), eftir ábendingu lögreglunnar í Reykjavík. Verkefnið var unnið undir stjórn landlæknis í samvinnu við lögregluna í Reykjavík, samtökin Ísland án eiturlyfja, Jafningjafræðsluna, Áfengis- og vímuvarnaráð, Félag framhaldsskólanema og ríkislögreglustjóran.

Almannatengslastofan Athygli skipu- lagði átak, sem að stærstum hluta fólst í útgáfu póstkorta með varnaðarorðum.

Fyrri hluta ársins barst alþjóðaskrif- stofu ríkislögreglustjórans tilkynning þar sem varað var við afbrigði af e- töflunni, sem blandað var eiturefninu stryknin, og lögreglan í Hollandi hafði lagt hald á. Ríkislögreglustjórinn sendi þegar út viðvörðun til allra lögreglustjóra landsins, landlæknis og fleiri, þar sem umræddu afbrigði var lýst. Í júlí bárust síðan upplýsingar frá Danmörku um að þar væru í umferð óvenju hættulegar e-töflur, sem valdið gætu innvortis blæðingu og dauða.

Lögreglustjórum landsins var sent myndband til að nota við fræðslu um útivistartíma barna og ungmenna. Því er ætlað að auðvelda lögreglu kynningu á reglum um útivistartíma og leggja áherslu á mikilvægi þess að þeim sé framfylgt. Myndbandið á að henta við heimsóknir í skóla og önnur kynningarstörf.

Á vegum Evrópusambandsins eru unnin mikilvæg verkefni á sviði forvarna. Þar ber fyrst að nefna fund háttsettra embættismanna og ráðherra, sem haldinn var um afbrotaforvarnir á vegum sambandsins í Portúgal í maí 2000. Af Íslands hálfu sótti Sólveig Pétursdóttir, dómsmálaráðherra, fundinn. Í kjölfar fundarins hafa afbrotaforvarnir fengið aukið vægi innan Evrópusambandsins. Íslandi og Noregi var boðið að koma að verkefninu í tengslum við Schengen- samninginn. Einn þáttur þessa samstarfs er gerð sameiginlegrar hand- bókar um afbrotaforvarnir. Afbrota- varnir eru flokkaðar í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi aðgerðir til að fækka möguleikum afbrotamanna, meðal annars með því að gera afbrot áhættusamari og minnka ávinning af þeim. Í öðru lagi að minnka áhrif

fjárhagslegra og félagslegra þátta sem leiða til afbrota og í þriðja lagi að efla upplýsingamiðlun og vernd fórnar- lamba afbrota.

Annað mikilvægt verkefni Evrópusam- bandsins, sem Íslandi og Noregi var einnig boðin þátttaka í, eru aðgerðir gegn afbrotum, sem framin eru með hjálp Internetsins. Leitast hefur verið við að fá góða sýn á vandann og að leita ráða til að koma í veg fyrir að Internetið sé notað í glæpsamlegum tilgangi.

Hjá rannsóknadeildinni hefur farið fram greining á forvörnum og því hvernig hinar ýmsu stofnanir, samtök og aðrir koma að þeim. Ísland er hið eina af Norðurlöndunum þar sem afbrotavarnaráð er ekki starfandi.

### **Börn sem þolendur og gerendur**

Starfsmenn rannsóknadeildar hafa verið virkir í ýmsum starfshópum hér heima og erlendis. Þar má til dæmis nefna tvo vinnuhópa sem ríkissak- sóknari setti á fót. Annar þeirra skal gera athugun á rannsóknarháttum lögreglunnar í kynferðisbrotamálum þegar brotaþoli er yngri en 18 ára, og gera tillögur að verklagsreglum um lögreglurannsókn málanna. Hinn hópurinn skal kanna meðferð mála sem ósakhæf börn eiga aðild að og gera tillögur að leiðbeiningum fyrir lögregl- una. Ennfremur hefur rannsóknadeildin átt fulltrúa í samráðshópi um málefni neyðarmóttöku Landspítala-háskóla- sjúkrahúss í Fossvogi og vinnuhópi á vegum alþjóðasamtaka sakamálaög- reglunnar Interpol um brot gegn börnum.

Rannsóknadeildin hefur átt fulltrúa í sérfræðihópi Interpol um brot gegn börnum, sem hefur tekið saman handbók á ensku með upplýsingum og leiðbeiningum um rannsóknir slíkra

mála. Leitað var umsagnar ríkissaksóknara á handbókinni, og lýsti hann því að hann teldi skipan efnis og framsetningu þess vera til fyrirmyndar. Hann vakti þó athygli á að gera yrði viðeigandi fyrirvara vegna atriða sem skipað er með sérstökum hætti í íslenskum lögum. Lögregluliðum, sem hafa rannsóknarlögreglumönnum á að skipa, var send handbókin til fræðslu og til hliðsjónar við rannsóknir afbrota gegn börnum.

### Tæknirannsóknastofa

Rannsóknir voveiflegra dauðsfalla, samkvæmt beiðnum lögregluembætta, voru án efa tímafrekust af verkefnum tæknirannsóknastofu á árinu 2000.

Af þeim verkefnum má nefna eftirtalin sem hin helstu: Aðstoð við lögregluna á Húsavík vegna máls þar sem komið var að húsráðanda látnum af völdum skotáverka á heimili sínu í Reykjahreppi. Aðstoð var veitt við rannsókn í Keflavík, þar sem komið var að húsráðanda látnum á heimili sínu. Veitt var aðstoð við rannsókn í Kópavogi, þar sem komið var að stúlku látinni á stétt við háhýsi. Þá var veitt aðstoð vegna rannsóknar á hvarfi manns sem bjó í Kópavogi. Honum hafði verið ráðinn bani í Öskjuhlíð í Reykjavík og líki hans komið fyrir í hraungjótu skammt frá Grindavíkurvegi á Reykjanesi. Í tveimur síðastnefndu málunum veitti tæknideild lögreglunnar í Reykjavík einnig aðstoð við rannsókn. Í öllum þessum málum beindist grunur um refsivert athæfi að tilteknum mönnum.

Af öðrum málum var svonefnt „málverkafölsunarmál“ umfangsmest á árinu, og var unnið að því í samstarfi við efnahagsbrotadeild embættisins.

Áfram var unnið að innsetningu gagna í svonefnda brotamannaskrá, starfsmenn tæknirannsóknastofu leiðbeindu á námskeiðum, bæði innan lögreglu og utan hennar, ásamt því að sóttir voru fagfundir innanlands og utan um tæknirannsóknir.

Helstu viðfangsefni	Fjöldi
Brunarannsóknir	3
Fingrafararannsóknir	42
Rannsókn á kynferðismáli eða öðru árásmáli	0
Rannsókn á manndrápi	3
Leit í myndasafni, sak- og myndbending	1
Samanburðarrannsóknir	5
Rannsókn á skjölum	45
Aðstoð við útlendingaefirlit	7
Fyrirspurn frá Interpol	190
Ýmislegt annað / ótilgreint	36
Í vinnslu frá fyrri árum	11
<b>Samtals</b>	<b>343</b>
<i>Athuga ber að yfirlitið sýnir aðeins fjölda viðfangsefna sem lokið var á árinu</i>	

### ID-nefnd

Rannsóknanefndin heyrir stjórnsýslulega undir ríkislögreglustjóran.

#### Beiðnir um greiningu

Nefndinni bárust fjórar beiðnir um greiningu líkamsleifa á árinu. Í tveimur tilvikum reyndist vera um að ræða líkamsleifar dýra. Í hinum tveimur tilvikunum var um að ræða líkamsleifar af mönnum. Annarsvegar voru líkamsleifar sem fundust á landi en hinsvegar í sjó. Auðkenning tókst í báðum tilvikum.

#### Fundur norrænu ID-nefndanna haldinn á Íslandi

Íslenska ID-nefndin hélt árlegan fund ID-nefnda á Norðurlöndum árið 2000, hinn 25. júní, í Svartsengi. Á fundinum miðluðu hóparnir hver öðrum af reynslu sinni. Nefna má að Norðmenn

gerðu grein fyrir rannsókn lestarslyss þar í landi í ársbyrjun 2000 og þeirri tækni sem beitt var við að bera kennsl á líkamsleifar. Danir kynntu sérstaka aðferð sem felst í því að fella saman myndir af höfuðkúpum og myndir af þeim sem saknað er, til að kanna hvort líkamsleifarnar geti verið af viðkomandi. Þetta er mikið nákvæmnisverk og tryggja þarf að myndirnar séu teknar frá sama sjónarhorni og í sömu fjarlægð.

### **Söfnun upplýsinga um horfið fólk og skráning upplýsinga í stórslysum**

Sérstakur gagnagrunnur er hjá ríkislögreglustjóranum í því skyni að halda utan um upplýsingar um fólk sem saknað er. Nú er verið að taka í notkun nýjan gagnagrunn en nota má gögn úr honum til þess að bera saman við

niðurstöður úr rannsókn líkamsleifa sem finnast. Byggt er á eyðublöðum til greiningar látinna samkvæmt staðli Interpol. Samhliða þessu hefur verið gerður gagnagrunnur til skráningar í hópsslysum. Sérfræðingar frá danska ríkislögreglustjóranum héldu námskeið hérlandis, í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins, í notkun þessa gagnagrunns. Hann var síðan reyndur á flugslysæfingu á Höfn í Hornafirði haustið 2000. Kerfið býður upp á ágæta möguleika til þess að halda utan um upplýsingar við slíkar aðstæður. Flugmálastjórn hefur á undanförunum árum haft forgöngu um samstarf margra aðila við flugslysæfingar, þar sem unnið hefur verið mikilvægt uppbyggingarstarf. Meðal annars er unnið að því að bæta og samræma skráningu vegna stórslysa.



**Fulltrúar á fundi norrænu ID-nefndanna, sem haldinn var á Íslandi árið 2000**



Sviðsstjóri

Jón Snorrason, saksóknari

*Deildir og verkefni:***Rannsókn og saksókn efnahagsbrota**

Rannsókn og saksókn alvarlegra fjármunabrota, þ.á.m. skattalagabrota og umhverfisbrota hvar sem er á landinu. Jafnframt tölvubrot sem tengjast efnahagsbrotum, þ.m.t. innbrot í tölvukerfi.

**Önnur verkefni**

Rannsókn og meðferð tilkynninga banka og peningastofnana vegna grunsemda um peningaþvætti samkvæmt lögum um varnir gegn peningaþvætti nr. 80/1993. Alþjóðlegt samstarf við lögreglu og yfirvöld á sviði efnahagsbrota. Fræðslumál á sviði fjármuna- og efnahagsbrota. Söfnun, úrvinnsla og skráning upplýsinga um fjármuna- og efnahagsbrot.

**Sérverkefni**

Eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra.

## Svið 5

Hlutverk efnahagsbrotadeildar er nokkuð margþætt. Hún skal, lögum samkvæmt, annast rannsókn og saksókn alvarlegra fjármunabrota, brota á skattalögum, tollalögum, lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa- og lánaviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða. Deildin á að láta til sín taka hin stærri og flóknari mál og skal við mat á því meðal annars líta til umfangs máls ef um skipulagða brotastarfsemi er að ræða, hvort brotastarfsemi er framin í atvinnurekstri, hvort mál hefur grundvallarþýðingu varðandi almannahagsmuni og loks hvort mál tengist öðrum löndum með einhverjum hætti.

Það er oft þrándur í Götu rannsóknar og meðferðar mála þegar afla þarf gagna frá útlöndum og þegar vitni eða sakborningar búa eða dveljast í útlöndum, þar sem löggjöf er í mörgum atriðum ólík á milli landa. Því er mikilvægt að byggja upp þekkingu og samstarf við lögregluþyrirvöld annarra landa og er það eitt af þýðingarmiklum verkefnum efnahagsbrotadeildarinnar. Afar mikilvægt er að tryggja að afbrot þrífist ekki í skjóli þess að lögregla geti ekki haft samstarf við lögregluþyrirvöld annarra landa og að brotamenn geti ekki komist undan refsingu vegna þess að hluti sönnunargagna sé í öðru landi eða að vitni og meðsekir búi þar eða dvelji. Slíkt hefur leitt til þess að ekki tekst að ljúka málum í tíma og að þau farnast eða eyðileggjast.

Starfsmenn efnahagsbrotadeildarinnar hafa í mörgum tilvikum þurft að fara til annarra landa að rannsaka mál í samvinnu við erlend lögregluþyrirvöld.



Fjöldi tilkynninga fjármálastofnana til lögreglu vegna gruns um peningabætti							
Ár	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Fjöldi tilkynninga	1	9	2	11	25	51	113

## Peningabætti

Eitt hlutverka efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans er að eiga samskipti við fjármálastofnanir varðandi hugsanlegt peningabætti en samkvæmt lögum og reglugerð um aðgerðir gegn peningabætti eiga allar fjármálastofnanir og þeir aðilar sem annast fjárvörslu fyrir aðra að athuga sérstaklega öll viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin með hliðsjón af fyrri viðskiptum viðskiptamanns og tilkynna efnahagsbrotadeild ef grunur vaknar um hugsanlegt peningabætti. Þegar slíkt gerist vikur bankaleynd gagnvart þeim tilteknu viðskiptum, og fjármálastofnunum er skylt að láta lögreglu í té öll gögn sem óskað er eftir í tengslum við þau. Hvert mál er metið og ákvörðun tekin um það hvort hafin verður opinber rannsókn á grundvelli hennar eða ekki.

Peningabætti er skilgreint í 264. gr. almennra hegningarlaga en þar kemur fram að móttaka, geymsla og flutningur ávinnings af brotum eða hvers konar aðstoð við að koma ávinningi undan sé refsiverð. Þetta ákvæði er frá árinu 1997 en síðan þá hefur verið lögð áhersla á að byggja upp þekkingu og koma á tengslum við fulltrúa fjármálastofnana. Árið 2000 var gert sérstakt átak á sviði fræðslu en þá héldu starfsmenn efnahagsbrotadeildar samtals 9 fræðslufundi með starfsfólki

nokkurra fjármálastofnana og verður því fræðslustarfi haldið áfram. Á fundunum fjalla fulltrúar efnahagsbrotadeildarinnar um alþjóðlegar skuldbindingar um varnir gegn peningabætti, skyldur starfsfólks fjármálastofnana til þess að hafa uppi varnir gegn peningabætti, og fleira. Fullyrða má að þetta aukna samstarf hefur skilað sér í aukinni árvekni starfsfólks fjármálastofnana enda fjölgaði tilkynningum um grunsamleg viðskipti verulega á árinu 2000 eins og sjá má af töflunni hér að ofan.

Margar þessara tilkynninga vörðuðu viðskipti sem þegar var hafin rannsókn á og höfðu verulega þýðingu til uppljóstrunar málanna. Á árinu 2000 var gefin út ein ákæra vegna ætlaðra fjárvika í framhaldi af rannsókn sem hófst á grundvelli tilkynningar frá fjármálastofnun.

Starf efnahagsbrotadeildar að þessum málaflökki hefur vaxið verulega. Nú má segja að stór hluti af vinnutíma eins starfsmanns deildarinnar fari í samstarf við tengiliði í fjármálastofnunum, móttöku, skráningu og úrvinnslu upplýsinga um hugsanlegt peningabætti. Þessi þáttur rannsókna efnahagsbrota mun örugglega vaxa enn meira í náinni framtíð, eins og raunin hefur verið í nágrannalöndunum, og leiða til uppljóstrunar stærri fjárvikamála og fíkniefnamála.

### *Dómar sem varða peningabætti*

Um mitt ár 2000 voru gefnar út fimm ákætur sem vörðuðu peningabætti, þ.e. brot á 264. gr. almennra hegningarlaga. Rannsókn málanna hófst hjá efnahagsbrotadeild á haustmánuðum 1999 í kjölfar rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á einu stærsta fíkniefnamáli sem upp hafði komið hérlandis. Rannsókn efnahagsbrotadeildar lauk í byrjun sumars 2000. Allir starfsmenn deildarinnar komu að rannsókninni, sem var mjög umfangsmikil.

## Tölvubrot

Efnahagsbrotadeildin rannsakar og ákærir vegna tölvubrota. Á seinni árum hafa nokkur slík mál komið til kasta efnahagsbrotadeildarinnar. Frá árinu 2000 má minnst máls sem rannsakað var af deildinni vegna ólögmaetra breytinga sem gerðar höfðu verið á heimasíðu Hæstaréttar Íslands. Málið var upplýst eftir að gerandinn gaf sig fram og játaði verknaðinn, í framhaldi af fjölmiðlaumfjöllun um atburðinn. Hæstiréttur Íslands kaus að gera ekki refsikröfu í ljósi þess að gerandinn gaf sig fram og játaði brot sitt, enda leiddi það af sér smávægilegt tjón.



**Tölvubrotum fer fjölgandi með aukinni tölvunotkun**

Efnahagsbrotadeild ákærði í fyrsta sinn vegna tölvubrota á árinu 2000, á grundvelli ákvæða í almennum hegningarlögum.

Sett hafa verið í almenn hegningarlög nokkur ákvæði sem varða tölvur og tölvubrot sérstaklega. Á árinu 2000 ákærði efnahagsbrotadeildin í fyrsta málinu þar sem reyndi á þessi ákvæði. Í því tilviki var meint brot talið varða við a-lið 249. gr. almennra hegningarlaga sem tekur til brots sem framið er með tölvutækni. Í málinu hafði maður notað NMT síma sem búið var að

breyta þannig að gjaldfærsla vegna hringinga úr síma mannsins færðist á símreikning rétthafa annars númers. Í þessu máli fékkst þó ekki reynsla á a-lið 249. greinar, þar sem dómari taldi réttara að færa brotin undir 249. gr. laganna, sem fjallar um umboðssvik. Ákærði var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi.

Deildin stóð fyrir einnar viku námskeiði í júní 2000 í rannsóknum tölvubrota. Þrír norskir sérfræðingar kenndu á námskeiðinu, sem haldið var í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins. Tveir þeirra komu frá norska lögregluháskólanum en einn frá efnahagsbrotadeild norsku lögreglunnar (Økokrim), sem stendur mjög framarlega í þessum rannsóknum. Námskeiðið var sambærilegt því sem haldið er fyrir lögreglu í Noregi. Námskeiðið sátu 19 lögreglumenn og einn lögfræðingur, þar af 8 frá efnahagsbrotadeildinni. Tólf þátttakendanna á námskeiðinu komu ýmist frá öðrum sviðum ríkislögreglustjóraembættisins og lögreglustjórunum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Selfossi og Keflavík. Á haustmisseri tók einn lögreglufulltrúi frá efnahagsbrotadeildinni þátt í framhaldsnámskeiði við lögregluháskólann í Noregi í rannsókn tölvubrota. Fyrirhugað er að efnahagsbrotadeildin haldi framhaldsnámskeið sumarið 2001 í samvinnu við sömu aðila. Um leið hefur verið hugað að uppbyggingu tækjakosts til þessara rannsókna hjá deildinni.

## Skattamál

Rannsóknir og saksókn skattalagabrota hafa alla tíð verið umfangsmikill þáttur í starfsemi efnahagsbrotadeildarinnar.

Fjöldi kæra og útgefna ákæra vegna skattalagabrota										
Ár	1987-1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Kæurur	10	6	4	10	17	52	72	45	35	24
Ákæurur	6	2	4	10	17	52	20	47	30	15

Uppkveðnir dómur í skattamálum 1970-2000									
Ár	1970- 1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Í héraði	34	7	6	17	26	16	29	26	21
Í hæstarétti	9	4	3	2	2	5	3	12	4
<b>Samtals</b>	<b>43</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>19</b>	<b>28</b>	<b>21</b>	<b>32</b>	<b>38</b>	<b>25</b>

Deildin er hin eina sem rannsakar og ákærir vegna skattalagabrota. Eins og sjá má af eftirfarandi tölum varð mikil fjölgun í rannsóknum og ákærum vegna skattalagabrota á síðustu fimm árum.

Nokkur breyting hefur orðið á þeim skattamálum sem efnahagsbrotadeildin hefur fengið til rannsóknar í seinni tíð. Til dæmis bar meira á hreinum skattsvikamálum árið 2000 heldur en árin þar á undan. Með skattsvikamálum er átt við mál þar sem viðkomandi brotamaður hefur ekki gefið tekjur sínar eða hluta þeirra upp til skatts, haldið tekjum utan bókhalds, gefið rangar upplýsingar á skattframtölum og virðisaukaskattskýrslum eða látið vera að tilkynna sig inn á virðisaukaskattskrá og ekki skilað virðisaukaskattskýrslum. Þessi mál einkennast af viðleitni brotamanns til að leyna brotum sínum.

Allmörg vanskilamál hafa komið til rannsóknar. Með vanskilamálum er átt við þau mál þar sem virðisaukaskattskyldur aðili skilar inn réttum virðisaukaskattskýrslum eins og lögboðið er en skilar ekki virðisaukaskatti samkvæmt þeim. Einnig þegar atvinnurekandi skilar ekki staðgreiðslu opinberra gjalda í samræmi við skilagreinar. Fyrirnefndu málin eru flóknari í rannsókn og saksókn, og meðferðartími þeirra er af þeim ástæðum lengri. Þau vanskilamál sem kærð hafa verið í seinni tíð varða almennt hærri fjárhæðir en áður eða um er að ræða ítrekuð skattalagabrot sömu aðila.

Á árinu fór fram rannsókn og ákært í málum nokkurra aðila sem stunduðu að

skiptast á tilbúnum reikningum. Reikningana notuðu þeir síðan til að hækka innskatt og þar með fá með sviksamlegum hætti endurgreiðslu úr ríkissjóði eða til að lækka skilaskyldan virðisaukaskatt. Í mörgum tilfellum voru reikningarnir hafðir hærri en raunveruleg viðskipti þessara aðila gáfu tilefni til eða engin viðskipti stóðu á bak við reikningana. Í þessum svikum, sem afmarkaður hópur stóð að, tíðkaðist að greiða útgefanda tilhæfulausu reikninganna helming þeirrar innskattsfjárhæðar sem reikningurinn bar með sér. Brot af þessu tagi virðast vera að færast í aukana og þörf á að skattrannsóknastjóri og efnahagsbrotadeildin haldi vöku sinni varðandi þetta svið sérstaklega.

### Umhverfisbrot

Rannsókn og saksókn umhverfisbrota eru meðal verkefna efnahagsbrotadeildar. Það stendur þessum málaflokki þó fyrir þrifum hversu refsíákvæði löggjafar á sviði umhverfisbrota er ónákvæm og ósamstæð. Íslensk refsíákvæði á sviði umhverfisréttar verða að teljast léleg þrátt fyrir aukna áherslu á þennan málaflokk, ef dæma má af áhuga almennings og fjölmiðla á fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum og verndun náttúru almennt. Auk þess hefur löggjöf almennt verið að þróast í þá átt að gera meiri kröfur um náttúruvernd. Þrátt fyrir að mikið hafi verið sett af nýjum lögum á þessu sviði á síðustu árum hefur ekki verið vandað til refsíákvæða þeirra sem skyldi. Má ljóst vera að á næstu árum bíður stórt verkefni á sviði lagasmíðar ef lögreglu og ákærvaldi á að verða mögulegt að leggja sitt á vogarskálarnar í baráttunni

fyrir náttúruvernd og gegn náttúru-spjöllum.


Vorið 2000 héldu fulltrúar ríkislög-reglustjórans og ríkissaksóknara tvo fundi með lögreglustjórum um þennan málaflokk. Annar fundurinn var haldinn á Húsavík 24. júlí og hinn síðari í starfsstöð ríkislög-reglustjórans þann 25. júlí. Tilfni þessara funda var öðru fremur akstur ökutækja utan vega og möguleiki lögreglu til að bregðast við akstri sem hefur í för með sér tjón eða hættu á slíku og að koma lögum yfir þá sem staðnir eru að slíkum brotum. Fundir þessir voru gagnlegir, en lélegar merkingar á vegaslóðum á hálendinu, miklar víðáttur og eftirlit fámennra lögregluliða stendur löggæslunni fyrir þrifum. Þó er versta hindrunin án efa reglugerð nr. 619/1998 um akstur utan vega. Ákvæði reglugerðarinnar um akstur utan vega eru ekki í samræmi við ákvæði 17. gr. náttúruverndarlaga, en reglugerðar-ákvæðin heimila víðtækari akstur utan vega en ákvæði laganna. Þetta stendur þó til bóta þar sem reglugerðin mun vera í endurskoðun.



**Á árinu 2000 voru vinnudagar starfs-  
manna efnahagsbrotadeildar í útlöndum  
vegna rannsókna mála samtals 46**

Hér eru Birgir Sigmundsson, lögreglu-  
fulltrúi og Helgi Magnús Gunnarsson,  
löglærður fulltrúi, ásamt sænskum  
lögreglumanni. Myndin er tekin á  
lögreglustöðinni í Tommelilla í Svíþjóð  
vorið 2000, sem var meðal fjölda viðkomu-  
staða í vinnuferð um Noreg, Danmörku og  
Svíþjóð vegna rannsókna á nokkrum  
málum.

# Tölulegar upplýsingar um afbrot



## Til athugunar vegna tölulegra yfirlita um afbrot

Á næstu blaðsíðum eru yfirlit um fjölda brota í helstu flokkum. Þeim er raðað eftir þeim lögregluumdæmum sem heiti sveitarfélaga í töflum vísa til. Fleiri sveitarfélög en eitt heyrast oftast undir hvert umdæmi. Í yfirlitunum hafa tölur árána 1998-2000 frá Eskifirði og Neskaupstað verið sameinaðar og færðar undir lögregluembættið á Eskifirði, en umdæmin voru sameinuð í ársbyrjun 2000.


Forsendur við talningu brota eru þær sömu og við gerð fyrri ársskýrslna, með þeirri undantekningu að vegna ársins 1998 töldu lögreglustjórar sjálfir út brotin úr málaskrá en síðan er fjöldi þeirra sóttur í málaskrá hjá embætti ríkislögreglustjórans. Tölur vegna ársins 2000 eru byggðar á stöðu málaskrár hinn 23. júní 2001.

Brot er fært undir það embætti þar sem mál er kært og kemur þannig fram á yfirlitum. Ekki er einhlítt að mál sé kært í sama umdæmi og verknaður er

framinn. Rétt er að nefna sérstaklega í því sambandi manndrápsmál sem rannsakað var hjá embætti lögreglustjórans í Kópavogi, þó svo að verknaðurinn væri framinn í Reykjavík. Þessi háttur við úrvinnslu tölulegra upplýsinga er nauðsynlegur til þess að unnt sé að ná saman gögnum um öll framin brot á landinu. Ártal í málsnúmeri ræður þegar talin eru brot hvers árs.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tiltekin öll brot, bæði svokölluð aðalbrot og aukabrot. Þegar talað er um öll brot er átt við að einn verknaður (eitt mál) geti falið í sér fleiri en eitt brot, sem skýrist á myndinni þar sem hlutfall aðalbrot kemur fram. Til að mynda getur fíkniefnabrot tengst auðgunarbroti. Sem dæmi um það má taka að maður sem handtekinn er vegna þjófnaðar (aðalbrot) getur reynst bera á sér smáræði af fíkniefnum (aukabrot).

Í yfirlitum er byggt á upplýsingum úr málaskrá og sýna þau fjölda brota, tíðni þeirra miðað við íbúafjölda hvers umdæmis og þróun í nokkrum helstu





brotaflokkum. Tíðni brota er reiknuð út frá hverjum 10.000 íbúum samkvæmt endanlegum tölum frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda hinn 1. desember næsta ár á undan því ári sem tölur um fjölda brota eiga við. Á heildaryfirliti er tíðni brota einnig sýnd miðað við hverja 100.000 íbúa, sem er hið almenna viðmið í alþjóðasamanburði. Tíðni brota er ekki reiknuð fyrir umdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurlflugvelli, þar sem ekki er hægt að miða við tiltekinn fjölda íbúa. Sama á við

um brot sem kærð eru til ríkislögreglustjórans og ríkissaksóknara. Þau brot eru hinsvegar talin með þegar reiknuð er tíðni brota fyrir landið allt.

Það ber að athuga vegna samanburðar við fyrri ársskýrslur ríkislögreglustjórans, að nú eru teknir inn fleiri brotaflokkar og fleiri undirflokkar brota. Í því sambandi skal bent á númer brotaflokka samkvæmt málaskrá og tilvísun í lagagrein (innan sviga).

**Myndirnar sýna innbyrðis hlutfall brota samkvæmt málaskrá árin 1999 og 2000.**  
Umferðarlagabrot eru ekki talin hér með (sjá skýringu að neðan).



**Til athugunar**

*Kynferðisbrot og líkamsmeiðingar eru sameinaðar undir heitið „Brot gegn lífi og líkama”.*

*Umferðarlagabrot eru hér ekki talin með vegna þeirrar sérstöðu að þau eru yfirgnæfandi flest (sjá yfirlit á bls. 54), og þau byggjast öðru fremur á frumkvæði lögreglumanna.*

# R Í K I S L Ö G R E G L U S T J Ó R I N N

Fjöldi brota árið 2000 Helstu brotaflokkar	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarvík	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík
0301 Öfbeldi gagnvart lögreglu (106-107)	1	5	2				1	11		1			3	9
0302 Öfbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106-107)	1							1		1				2
0303 Ærumeiðingar gagnvart opinb. starfsm. (242.2b)														
0305 Fangar, samblástur (110)														
0306 Fangar, aðstoð við fanga eða brotamenn (111-112)														
0307 Innsiglisrof (113)							1							
0308 Líkaml. öfbeldi, nauðung eða hótun (108)		1												
0399 Önnur brot gegn valdstjórninni		3						2					2	
<b>Brot gegn valdstjórninni samtals</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>14</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5</b>	<b>11</b>

0701 Fölsun, peningafals (150-152)		3					1	3					1	
0801 Fölsun – Tékkar		3	1					3						
0802 Fölsun – Greiðslukort		2						6						3
0803 Fölsun – Vixlar			1											
0804 Fölsun – Skuldabréf		1							1			1		
0805 Fölsun – Lyfseðlar								3						1
0809 Fölsun – Skjalafals (155)	1	8			1	1	2	5		1			1	4
0810 Fölsun – Annað		1	1					5						2
0811 Skjöl, skjalasvik (156)		1						1						
0812 Skjöl, misnotkun skjala (157)		20	1				2	2			1		1	
0813 Skjöl, rangfærsla skjala (158)		1												
0814 Rangfærsla sönnunargagna (162-163)														
0815 Skjöl, röng notkun stimpils eða merkis (159)							1							
0899 Skjöl, önnur gagnabrot														
<b>Skjalafals samtals</b>	<b>1</b>	<b>40</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>6</b>	<b>28</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>10</b>

1401 Nauðgun (194)	2	4			1			2						3
1402 Ólögmæt nauðung (195)		1						1		1				
1410 Misneyting (andl. annm., rænuleysi) (196)		2					1							
1411 Misneyting (varúðarákv., trúnaðarbrot) (197)														
1412 Misneyting, kynmök (frekleg misn. aðstöðu) (198.1)														
1413 Önnur kynferðisáreitni (198.2)					1			1						
1430 Sifjaspell (200.1)											1			
1431 Sifjaspell / önnur kynferðisleg áreitni (200.2)														
1432 Sifjaspell / kynmök systkina (200.3)														
1440 Mök við börn uppalanda (201.1)							1							
1441 Önnur kynf. áreitni við börn uppalanda (201.2)														
1445 Mök við yngri en 14 ára (202.1.1)	2	2						1						1
1446 Mök við 14-16 ára (202.2)		1	1						1					
1447 Brot gegn yngri en 14 ára (202.1.2)	1	2					1	2						4
1449 Gáleysi skv. 201 og 202 (204)												1		
1451 Hagnýting vændis (206.2)														
1452 Ginning yngri en 18 ára til lauslætis (206.3)														
1460 Blygðunarsemisbrot (209)	1	2			1			2		1			1	1
1470 Klám á prenti (210.1)													1	
1471 Útbreiðsla kláms (210.2)		1											1	1
1475 Varsla á barnaklámi (210.4)														
1499 Annað		2					1	2						1
<b>Kynferðisbrot samtals</b>	<b>6</b>	<b>17</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>11</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>11</b>

1501 Manndráp (211)										1				1
1504 Manndráp af gáleysi (215)	1	1						1		1	1			
1506 Líkamsárás (217)	12	68	9	5	2	1	11	52		3	2	5	18	88
1507 Líkamsmeiðingar minni (218.1)	4	12			5		4	20	1	3	7	1	5	14
1508 Líkamsmeiðingar meiri (218.2)		4	2		1		1			1		1	1	1
1509 Líkamsmeiðingar af gáleysi (219)		1			1		1	7		2	4		1	2
1551 Manndrápstilraun														
1599 Ýmis brot gegn lífi og líkama		2						2		1				
<b>Líkamsmeiðingar samtals</b>	<b>17</b>	<b>88</b>	<b>11</b>	<b>5</b>	<b>9</b>	<b>1</b>	<b>17</b>	<b>82</b>	<b>1</b>	<b>12</b>	<b>14</b>	<b>7</b>	<b>25</b>	<b>106</b>

1701 Húsbrott (231)	2	7		4			4	9		1	1	2		9
1702 Öfsóknir (ámíning) (232)			2							1			1	2
1703 Hótanir (233)	1	14	2		3	1	6	27		4	3	2	9	28
1704 Ærumeiðingar (234)	1	1					2	1		1			3	
1799 Friðhelgi, ýmislegt	3	28			1		1	5			1	1		11
<b>Brot gegn friðhelgi einkalífs samtals</b>	<b>7</b>	<b>50</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>13</b>	<b>42</b>	<b>0</b>	<b>7</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>13</b>	<b>50</b>

Endanlegar tölur Hagstofu Íslands um mannfjölda á landinu öllu eru sem hér segir:

Ár	Mannfjöldi
1999	278.717
1998	275.264
1997	272.069

Við útreikning brotatiðni hvers árs, er ávallt miðað við íbúafjölda 1. desember næsta árs á undan.



Á R S S K Ý R S L A 2 0 0 0

Brotaflokkar	Keflavíkurlflugv.	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkisiðreglustj.	Ríkissaksóknari	Sauðárkrökur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Landið allt
0301	2	3		3	50			4	3	3	1				102
0302	1														6
0303								1							1
0305															0
0306															0
0307					3					1		1			6
0308					1										2
0399					5								4		16
	3	3	0	3	59	0	0	5	3	4	1	1	4	0	133

0701	3	1			21				2						35
0801		5			33				2				1		48
0802		1			50										62
0803		2			10							1			14
0804		2			25					1					31
0805		5			29										38
0809	8	5			53	10			3			1	1		105
0810	1	1			13										24
0811	2				3										7
0812		2			53			1	2			1	1		87
0813															1
0814															0
0815					1										2
0899					1										1
	14	24	0	0	292	10	0	1	9	1	0	3	3	0	455

1401					22			1		1					36
1402									1						4
1410		1			10			2	1						17
1411					13										13
1412					1										1
1413	1				6			2	1						12
1430		1			2										4
1431		1			8			1							10
1432					1										1
1440					2										3
1441					5										5
1445		4			8										18
1446		1			1										5
1447		1			8				1						20
1449															1
1451															0
1452															0
1460		4			17				1	1			1		33
1470					1										2
1471					3			1							7
1475					4										4
1499		3			22				1						32
	1	16	0	0	134	0	0	7	6	2	0	0	1	0	228

1501		2			1										5
1504					1				1			1			8
1506	5	71	2	3	699		2	2	28	6	4	6	30		1.134
1507		5	1	3	127			7	6	6	1	1	5		238
1508		4		2	28				8		1	1	3		59
1509					26				1	1		2			49
1551															0
1599	1				7				1				1		15
	6	82	3	8	889	0	2	10	45	12	6	11	39	0	1.508

1701		6		2	95			9	4				11		166
1702		2			6								1		15
1703		9		4	230			3	9	13	1	1	8	1	379
1704				1	3			1				1			15
1799	1	19		3	101				4	3					182
	1	36	0	10	435	0	0	13	17	16	1	2	20	1	757

Landið allt	Tíðni brota árið 2000. Fjöldi brota m.v. fjölda íbúa.	
	10.000 íbúar	100.000 íbúar
1999		
127	3,66	36,60
4	0,22	2,15
4	0,04	0,36
2		
1		
13	0,22	2,15
	0,07	0,72
9	0,57	5,74
160	4,77	47,72
52	1,26	12,56
94	1,72	17,22
44	2,22	22,24
7	0,50	5,02
18	1,11	11,12
20	1,36	13,63
95	3,77	37,67
47	0,86	8,61
3	0,25	2,51
24	3,12	31,21
3	0,04	0,36
2		
3	0,07	0,72
	0,04	0,36
412	16,32	163,25
48	1,29	12,92
	0,14	1,44
19	0,61	6,10
10	0,47	4,66
	0,04	0,36
10	0,43	4,31
3	0,14	1,44
3	0,36	3,59
1	0,04	0,36
3	0,11	1,08
	0,18	1,79
9	0,65	6,46
5	0,18	1,79
8	0,72	7,18
1	0,04	0,36
2		
1		
49	1,18	11,84
	0,07	0,72
6	0,25	2,51
7	0,14	1,44
45	1,15	11,48
230	8,18	81,80
2	0,18	1,79
5	0,29	2,87
1.082	40,69	406,86
200	8,54	85,39
58	2,12	21,17
31	1,76	17,58
2		
13	0,54	5,38
1.393	54,11	541,05
187	5,96	59,56
15	0,54	5,38
337	13,60	135,98
9	0,54	5,38
163	6,53	65,30
711	27,16	271,60

# R Í K I S L Ö G R E G L U S T J Ö R I N N

Fjöldi brota árið 2000 -framhald	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarvík	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Harfarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður	Keflavík
<b>1801</b> Innbrot	16	67	6	1	42		10	217	2	4	14	12	12	75
<b>1851</b> Þjófnaður (244)	89	423	14	9	44		34	663	3	6	31	21	29	335
<b>1901</b> Gripdeild (245)	*	1					2	2		1	1			
<b>1911</b> Ólögleg meðferð á fundnu fé (246)		4					4	1						7
<b>1921</b> Fjárdráttur – munir (247)		3	3										1	1
<b>1922</b> Fjárdráttur – peningar (247)		4	2					5					3	1
<b>1931</b> Tékkasvík (248)		9						4		1				12
<b>1932</b> Hótelsvík (248)		6								1		1		1
<b>1933</b> Fjársvik með stolnum tékkum (248)		3			1									2
<b>1934</b> Tryggingasvík (248)		1												1
<b>1939</b> Fjársvik – ýmislegt (248)		4		1				11			1	3	4	15
<b>1941</b> Umboðssvík – greiðslukort (249)		1						1						
<b>1942</b> Umboðssvík – tékkar (249)								1						
<b>1949</b> Umboðssvík – ýmislegt (249)		1												2
<b>1951</b> Skiliasvík (250)		1					1				1		1	
<b>1961</b> Fjárlúgun (251)														
<b>1971</b> Rán (252)		1						2					1	
<b>1981</b> Misneyting (253)														2
<b>1991</b> Hylming (254)		2			1			1						2
<b>1992</b> Hylming af gáleysi (263)														
<b>1999</b> Auðgunarbrot – ýmislegt													1	
<b>Auðgunarbrot samtals</b>	<b>105</b>	<b>531</b>	<b>25</b>	<b>11</b>	<b>88</b>	<b>0</b>	<b>51</b>	<b>908</b>	<b>5</b>	<b>13</b>	<b>48</b>	<b>37</b>	<b>52</b>	<b>456</b>
<b>2101</b> Minniháttar skemmdarverk (257.1)	85	268	11	10	24	2	38	333	1	11	10	24	45	287
<b>2102</b> Meiriháttar skemmdarverk (257.2)		19	1		1		4	10				1	1	9
<b>Eignaspjöll samtals</b>	<b>85</b>	<b>287</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>25</b>	<b>2</b>	<b>42</b>	<b>343</b>	<b>1</b>	<b>11</b>	<b>10</b>	<b>25</b>	<b>46</b>	<b>296</b>
<b>2103</b> Nytjastuldur vélknúinna farartækja (259.1)	3	16	2	2	1		2	20		3	3	3	1	32
<b>2104</b> Nytjastuldur – Annað (259.2)	8	2			2		1	3				1		
<b>Nytjastuldur samtals</b>	<b>11</b>	<b>18</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>23</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>32</b>
<b>3851</b> Dreifing/sala fíkniefna		10						3					2	2
<b>3852</b> Innflutningur fíkniefna														1
<b>3853</b> Varsla/neysla fíkniefna	12	43	1	3	3		4	76		5	3	5	18	20
<b>3854</b> Framleiðsla fíkniefna		1						1						1
<b>3879</b> Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	1	12	6			1	1	16		1			1	13
<b>Fíkniefnabrot samtals</b>	<b>13</b>	<b>66</b>	<b>7</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>96</b>	<b>0</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>5</b>	<b>21</b>	<b>37</b>
<b>6651</b> Ólöglegur tilbúningur áfengis (bruggun)		1		1				3				2		1
<b>6652</b> Ólögleg sala áfengis		2			1			2			1		2	
<b>6653</b> Áfengi veitt til yngri en 20 ára	2	6					1	3		2	1	1	1	1
<b>6654</b> Brot á reglum um áfengisauðgæsingar		1						1						
<b>6655</b> Áfengi borið inn á veitingastaði í óleyfi		1						3						
<b>6656</b> Dvöl ungmennis yngri en 18 ára á vínveitingastað		6					3	4				1	2	14
<b>6657</b> Ölvun á almannafæri (21)	22	123	5	3	4		18	76	1	12	11	4	42	98
<b>6660</b> Varsla á áfengi andstætt áfengislögum			1	1				1					1	
<b>6679</b> Áfengislög, ýmislegt		12	3	3			2	13		2	8	9	9	20
<b>Áfengislög samtals</b>	<b>24</b>	<b>152</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>5</b>	<b>0</b>	<b>24</b>	<b>106</b>	<b>1</b>	<b>16</b>	<b>21</b>	<b>17</b>	<b>57</b>	<b>134</b>
<b>7015</b> Akstur gegn rauðu ljósi (5)	4	38						152						20
<b>7023</b> Stöðvunarskylda ekki virt (5)	1	20	2		1			85		1			4	142
<b>7303</b> Óf hraður akstur skv. hraðamælingu (37)	552	1.651	1.997	33	958	22	169	2.083	292	269	521	43	302	1.252
<b>7410</b> Ölvun við akstur (45)	36	106	38	9	49	1	14	246	2	19	25	13	27	114
Öll önnur umferðarlagabrot	442	3.895	598	95	465	26	404	4.260	52	313	452	83	653	3.299
<b>Umferðarlagabrot samtals</b>	<b>1.035</b>	<b>5.710</b>	<b>2.635</b>	<b>137</b>	<b>1.473</b>	<b>49</b>	<b>587</b>	<b>6.826</b>	<b>346</b>	<b>602</b>	<b>998</b>	<b>139</b>	<b>986</b>	<b>4.827</b>
<b>Öll önnur brot</b>	<b>9</b>	<b>176</b>	<b>11</b>	<b>26</b>	<b>25</b>	<b>7</b>	<b>47</b>	<b>312</b>	<b>10</b>	<b>37</b>	<b>32</b>	<b>31</b>	<b>84</b>	<b>221</b>
<b>Brot samtals</b>	<b>1.315</b>	<b>7.144</b>	<b>2.723</b>	<b>206</b>	<b>1.639</b>	<b>62</b>	<b>801</b>	<b>8.791</b>	<b>365</b>	<b>713</b>	<b>1.136</b>	<b>272</b>	<b>1.296</b>	<b>6.191</b>
<b>Verkefni önnur en brot samtals</b>	<b>178</b>	<b>866</b>	<b>86</b>	<b>43</b>	<b>173</b>	<b>56</b>	<b>194</b>	<b>1.116</b>	<b>7</b>	<b>149</b>	<b>197</b>	<b>107</b>	<b>208</b>	<b>839</b>
<b>Heildarfjöldi brota og verkefna samkvæmt málaskrá</b>	<b>1.493</b>	<b>8.010</b>	<b>2.809</b>	<b>249</b>	<b>1.812</b>	<b>118</b>	<b>995</b>	<b>9.907</b>	<b>372</b>	<b>862</b>	<b>1.333</b>	<b>379</b>	<b>1.504</b>	<b>7.030</b>

\* Á Akranesi hafa reiðhjólþjófnaðir verið færðir sem gripdeild í málaskrá en eru hér færðir undir þjófnaði til samræmis.

Á R S S K Ý R S L A 2 0 0 0

Brotaflokkar	Keflavíkurlugv.	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkisiðreglustj.	Ríkissaksóknari	Sauðárkrúkur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestmannaeyjar	Vík	Landið allt
1801	1	229	10	4	1.548			6	88	5		13	22	3	2.407
1851	28	569	12	4	4.790	1		26	184	13	8	22	77	4	7.439
1901		2			34				1						44
1911		4			14			1	1				1		37
1921		1			7										16
1922		2			31	4				1					53
1931		4			71				3	1					105
1932					5	1			2						17
1933		3	1		19										29
1934					1										3
1939	2	22			123	3			9			1			199
1941					10										12
1942															1
1949		1			5	2							1		11
1951		1	1		14	3								1	24
1961					4										4
1971		1			29										34
1981					5	1		1		1					9
1991		1			20	1		1	1						30
1992					1										1
1999	1				3			1	1						7
<b>32</b>	<b>840</b>	<b>24</b>	<b>8</b>	<b>6.734</b>	<b>16</b>	<b>36</b>	<b>290</b>	<b>20</b>	<b>8</b>	<b>35</b>	<b>101</b>	<b>8</b>	<b>10.482</b>		
2101	5	387	16	18	2.126	1		58	140	27	10	26	108	6	4.077
2102		2	2	3	34	1		3	7	1	3	2	1		105
<b>5</b>	<b>389</b>	<b>18</b>	<b>21</b>	<b>2.160</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>61</b>	<b>147</b>	<b>28</b>	<b>13</b>	<b>28</b>	<b>109</b>	<b>6</b>	<b>4.182</b>	
2103	3	29		1	248			1	5	1	2	2	7		387
2104		3	1	1	13				3	1		1			40
<b>3</b>	<b>32</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>261</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>8</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>7</b>	<b>0</b>	<b>427</b>	
3851		2			20							4	3		46
3852	18				81						1	2			103
3853	4	27	2	3	215			5	33	1		2	22		507
3854					2				2	1					8
3879	10	2			34	1		1	2	1		2	12		117
<b>32</b>	<b>31</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>352</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>6</b>	<b>37</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>10</b>	<b>37</b>	<b>0</b>	<b>781</b>	
6651		1	1	3	12								2		27
6652		3	1	3	10				1				3		29
6653		6			43								1		68
6654					9			2					1		14
6655		1			2										7
6656		5		1	47				1				2		86
6657	8	35	5	7	1.666			18	39	8	10	4	37	1	2.257
6660		1			8				3				1		17
6679		7	1	1	40			1	10			5	14		160
<b>8</b>	<b>59</b>	<b>8</b>	<b>15</b>	<b>1.837</b>	<b>0</b>	<b>21</b>	<b>54</b>	<b>8</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>61</b>	<b>1</b>	<b>2.665</b>		
7015	1	29			2.674				3				5		2.926
7023	57	70	1		697			9	8	1			14		1.113
7303	143	899	39	8	5.917	1		408	1.266	151	44	404	49	245	19.718
7410	23	129	7	17	1.406			20	105	12	7	19	29	9	2.482
	1.151	3.385	90	127	16.562	0	0	371	2.314	448	72	362	550	106	40.575
<b>1.375</b>	<b>4.512</b>	<b>137</b>	<b>152</b>	<b>27.256</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>808</b>	<b>3.696</b>	<b>612</b>	<b>123</b>	<b>785</b>	<b>647</b>	<b>360</b>	<b>66.814</b>	
<b>499</b>	<b>147</b>	<b>2</b>	<b>39</b>	<b>847</b>	<b>178</b>	<b>3</b>	<b>30</b>	<b>262</b>	<b>33</b>	<b>8</b>	<b>45</b>	<b>106</b>	<b>6</b>	<b>3.233</b>	
<b>1.979</b>	<b>6.171</b>	<b>195</b>	<b>261</b>	<b>41.256</b>	<b>208</b>	<b>5</b>	<b>999</b>	<b>4.574</b>	<b>741</b>	<b>173</b>	<b>932</b>	<b>1.135</b>	<b>382</b>	<b>91.665</b>	
<b>199</b>	<b>664</b>	<b>59</b>	<b>64</b>	<b>6.145</b>	<b>9</b>	<b>0</b>	<b>121</b>	<b>665</b>	<b>85</b>	<b>40</b>	<b>197</b>	<b>232</b>	<b>43</b>	<b>12.742</b>	
<b>2.178</b>	<b>6.835</b>	<b>254</b>	<b>325</b>	<b>47.401</b>	<b>217</b>	<b>5</b>	<b>1.120</b>	<b>5.239</b>	<b>826</b>	<b>213</b>	<b>1.129</b>	<b>1.367</b>	<b>425</b>	<b>104.407</b>	

1999	Tíðni brota árið 2000. Fjöldi brota miðað við fjölda íbúa.	
Landið allt	10.000 íbúar	100.000 íbúar
2.556	86,36	863,60
6.787	266,90	2.669,02
31	1,58	15,79
22	1,33	13,28
20	0,57	5,74
38	1,90	19,02
113	3,77	37,67
14	0,61	6,10
45	1,04	10,40
8	0,11	1,08
231	7,14	71,40
12	0,43	4,31
2	0,04	0,36
7	0,39	3,95
31	0,86	8,61
2	0,14	1,44
40	1,22	12,20
8	0,32	3,23
58	1,08	10,76
	0,04	0,36
15	0,25	2,51
<b>10.040</b>	<b>376,08</b>	<b>3.760,80</b>
4.139	146,28	1.462,77
103	3,77	37,67
<b>4.242</b>	<b>150,04</b>	<b>1.500,45</b>
430	13,89	138,85
26	1,44	14,35
<b>456</b>	<b>15,32</b>	<b>153,20</b>
69	1,65	16,50
74	3,70	36,96
693	18,19	181,90
7	0,29	2,87
119	4,20	41,98
<b>962</b>	<b>28,02</b>	<b>280,21</b>
36	0,97	9,69
44	1,04	10,40
34	2,44	24,40
10	0,50	5,02
7	0,25	2,51
79	3,09	30,86
1.938	80,98	809,78
25	0,61	6,10
124	5,74	57,41
<b>2.297</b>	<b>95,62</b>	<b>956,17</b>
1.487	104,98	1.049,81
857	39,93	399,33
18.748	707,46	7.074,56
1.959	89,05	890,51
39.688	1.455,78	14.557,78
<b>62.739</b>	<b>2.397,20</b>	<b>23.971,99</b>
<b>3.088</b>	<b>116,00</b>	<b>1.159,95</b>
<b>86.730</b>	<b>3.288,82</b>	<b>32.888,20</b>
<b>10.906</b>	<b>457,17</b>	<b>4.571,66</b>
<b>97.638</b>	<b>3.745,99</b>	<b>37.459,86</b>

Tölur sem sýna fjölda brota á tiltekinn fjölda íbúa eru í þessari töflu birtar með tveimur aukastöfum, vegna lítillar tíðni margra þeirra. Annarsstaðar í yfirlitunum er notast við einn aukastaf.

# R Í K I S L Ö G R E G L U S T J Ó R I N N

Í yfirlitum á þessari blaðsíðu og næstu blaðsíðum (til og með bls. 60) eru rauntölur ekki sýndar, heldur er fjöldi brota reiknaður á hverja 10.000 íbúa viðkomandi umdæmis eða landsins alls eftir því sem við á. Sú framsetning er nauðsynleg til þess að fá fram raunverulega þróun afbrota innan umdæmis og landsins alls milli ára, og samanburð á tíðni brota milli umdæma.


Tíðni brota 1998-2000	Akranes	Akureyri	Blínduós	Bolungarvík	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður*	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður
<b>Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa</b>													
<b>Auðgunarbrot 2000</b>	196,1	<b>268,8</b>	<b>71,7</b>	110,2	<b>233,9</b>	0,0	103,5	<b>318,4</b>	56,6	23,5	<b>151,5</b>	<b>153,7</b>	114,7
1999	<b>239,0</b>	230,5	30,9	<b>117,3</b>	199,3	12,6	<b>114,3</b>	303,1	43,1	56,5	90,8	85,8	101,3
1998	210,6	214,4	35,8	54,8	133,8	<b>35,2</b>	96,0	258,7	<b>83,6</b>	<b>62,4</b>	133,3	93,2	<b>134,6</b>
<b>Áfengislagabrot 2000</b>	44,8	77,0	<b>25,8</b>	80,2	13,3	0,0	<b>48,7</b>	<b>37,2</b>	11,3	28,9	<b>66,3</b>	<b>70,6</b>	<b>125,8</b>
1999	32,8	115,5	11,2	<b>146,6</b>	21,3	0,0	39,4	27,9	<b>32,3</b>	<b>47,6</b>	50,1	57,2	105,5
1998	<b>54,6</b>	<b>175,9</b>	5,5	18,3	<b>72,2</b>	<b>23,5</b>	19,2	30,3	31,3	41,6	34,1	36,5	85,5
<b>Eignaspjöll 2000</b>	<b>158,7</b>	<b>145,3</b>	34,4	<b>100,2</b>	66,4	25,9	85,2	<b>120,3</b>	11,3	19,9	31,6	<b>103,8</b>	101,5
1999	119,5	106,9	<b>56,2</b>	78,2	79,7	<b>37,7</b>	<b>116,3</b>	103,2	<b>32,3</b>	42,4	46,9	94,0	99,2
1998	154,1	124,2	46,9	36,6	<b>82,9</b>	35,2	90,3	106,5	0,0	<b>48,5</b>	<b>55,8</b>	77,0	<b>109,0</b>
<b>Fíkniefnabrot 2000</b>	24,3	33,4	<b>20,1</b>	<b>30,1</b>	8,0	<b>13,0</b>	10,1	33,7	0,0	10,8	<b>9,5</b>	20,8	46,3
1999	<b>27,0</b>	<b>48,6</b>	8,4	29,3	<b>18,6</b>	0,0	<b>19,7</b>	<b>34,8</b>	0,0	12,4	3,1	<b>40,9</b>	<b>52,8</b>
1998	23,4	22,3	2,8	9,1	13,4	0,0	15,4	21,5	0,0	<b>13,9</b>	3,1	28,4	49,1
<b>Kynferðisbrot 2000</b>	<b>11,2</b>	<b>8,6</b>	<b>2,9</b>	0,0	8,0	0,0	<b>8,1</b>	3,9	0,0	<b>5,4</b>	3,2	4,2	6,6
1999	3,9	8,1	2,8	0,0	<b>10,6</b>	0,0	7,9	5,0	0,0	3,5	<b>6,3</b>	<b>16,3</b>	<b>10,6</b>
1998	2,0	5,6	2,8	0,0	2,7	0,0	3,8	<b>5,1</b>	0,0	3,5	6,2	8,1	4,3
<b>Líkamsmeiðingar 2000</b>	31,7	44,6	31,5	<b>50,1</b>	23,9	13,0	<b>34,5</b>	<b>28,8</b>	11,3	<b>21,7</b>	44,2	29,1	<b>55,2</b>
1999	25,1	37,0	<b>47,8</b>	9,8	29,2	12,6	21,7	28,7	0,0	21,2	43,8	45,0	42,2
1998	<b>35,1</b>	<b>53,7</b>	24,8	0,0	<b>42,8</b>	<b>35,2</b>	30,7	23,7	<b>41,8</b>	10,4	<b>58,9</b>	<b>64,9</b>	32,1
<b>Brot gegn friðhelgi einkalífs 2000</b>	13,1	<b>25,3</b>	<b>11,5</b>	<b>40,1</b>	10,6	<b>13,0</b>	<b>26,4</b>	14,7	0,0	<b>12,7</b>	<b>15,8</b>	<b>20,8</b>	<b>28,7</b>
1999	19,3	22,8	5,6	29,3	10,6	0,0	25,6	<b>19,0</b>	0,0	7,1	15,6	16,3	19,0
1998	<b>21,5</b>	15,2	5,5	18,3	<b>10,7</b>	11,7	17,3	6,9	<b>20,9</b>	6,9	3,1	16,2	4,3

Tíðni brota 1998-2000 - framhald	Keflavík	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Sauðárkrúkur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Stykkishólmur	Vestm.eyjar	Vík	Landið allt
<b>Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa</b>													
<b>Auðgunarbrot 2000</b>	284,1	<b>371,9</b>	223,9	42,0	<b>559,2</b>	<b>81,7</b>	<b>242,0</b>	41,8	51,1	<b>84,0</b>	220,4	72,5	<b>376,1</b>
1999	<b>294,5</b>	346,3	119,2	31,4	555,0	77,0	241,6	<b>60,9</b>	43,6	47,6	209,0	36,2	<b>364,7</b>
1998	240,5	265,3	<b>254,8</b>	<b>99,3</b>	443,1	75,0	142,4	51,3	<b>55,1</b>	68,6	<b>303,6</b>	<b>80,4</b>	<b>298,6</b>
<b>Áfengislagabrot 2000</b>	<b>83,5</b>	26,1	<b>74,6</b>	<b>78,7</b>	<b>152,6</b>	47,6	45,1	16,7	63,8	21,6	133,1	9,1	<b>95,6</b>
1999	78,4	<b>27,1</b>	73,3	47,1	121,3	<b>70,2</b>	<b>56,6</b>	37,8	37,4	14,3	89,2	27,2	<b>83,4</b>
1998	38,9	25,2	72,8	68,0	139,0	55,1	41,7	<b>55,4</b>	<b>140,9</b>	<b>66,3</b>	<b>161,5</b>	<b>62,5</b>	<b>95,1</b>
<b>Eignaspjöll 2000</b>	184,4	172,2	167,9	<b>110,2</b>	179,4	<b>138,4</b>	122,7	58,6	83,0	<b>67,2</b>	237,9	<b>54,3</b>	<b>150,0</b>
1999	<b>273,7</b>	<b>188,6</b>	110,0	47,1	186,1	65,7	<b>147,4</b>	<b>67,2</b>	<b>99,7</b>	59,5	213,3	9,1	<b>154,1</b>
1998	210,5	156,9	<b>318,5</b>	41,8	<b>195,8</b>	130,1	102,5	53,3	73,5	54,4	<b>305,7</b>	26,8	<b>154,6</b>
<b>Fíkniefnabrot 2000</b>	<b>23,0</b>	13,7	<b>18,7</b>	15,7	29,2	13,6	30,9	6,3	6,4	<b>24,0</b>	<b>80,8</b>	0,0	<b>28,0</b>
1999	16,4	<b>16,4</b>	18,3	10,5	<b>43,5</b>	<b>29,4</b>	<b>36,8</b>	<b>12,6</b>	12,5	21,4	67,5	0,0	<b>34,9</b>
1998	16,6	12,6	9,1	<b>26,1</b>	33,2	17,6	24,3	8,2	<b>18,4</b>	23,7	68,9	0,0	<b>26,2</b>
<b>Kynferðisbrot 2000</b>	6,9	7,1	0,0	0,0	<b>11,1</b>	<b>15,9</b>	<b>5,0</b>	<b>4,2</b>	0,0	0,0	2,2	0,0	<b>8,2</b>
1999	<b>13,9</b>	<b>8,9</b>	<b>27,5</b>	5,2	10,0	2,3	0,9	4,2	<b>12,5</b>	<b>4,8</b>	6,5	<b>9,1</b>	<b>8,4</b>
1998	3,8	5,5	0,0	<b>5,2</b>	8,7	4,4	1,7	4,1	6,1	0,0	<b>8,6</b>	8,9	<b>6,3</b>
<b>Líkamsmeiðingar 2000</b>	66,0	<b>36,3</b>	28,0	<b>42,0</b>	<b>73,8</b>	22,7	37,6	25,1	<b>38,3</b>	26,4	85,1	0,0	<b>54,1</b>
1999	67,0	29,0	18,3	26,2	69,2	<b>34,0</b>	41,1	<b>33,6</b>	24,9	23,8	82,7	<b>9,1</b>	<b>50,6</b>
1998	<b>75,9</b>	29,8	<b>45,5</b>	15,7	63,7	33,1	<b>41,7</b>	28,7	30,6	<b>75,7</b>	<b>105,5</b>	8,9	<b>51,2</b>
<b>Brot gegn friðhelgi einkalífs 2000</b>	31,1	15,9	0,0	<b>52,5</b>	<b>36,1</b>	<b>29,5</b>	<b>14,2</b>	<b>33,5</b>	6,4	4,8	43,6	9,1	<b>27,2</b>
1999	<b>34,1</b>	<b>32,8</b>	0,0	5,2	32,7	18,1	7,7	23,1	6,2	9,5	19,6	0,0	<b>25,8</b>
1998	19,8	11,1	0,0	15,7	30,2	6,6	3,5	0,0	<b>18,4</b>	<b>11,8</b>	<b>45,2</b>	<b>17,9</b>	<b>20,1</b>

\*Embætti lögreglustjórans í Neskaupstað var sameinað embættinu á Eskifirði í ársbyrjun 2000 og tölur sameinaðar hér fyrir öll árin.

Rautt letur í tölugildum sýnir hæstu tíðni í samanburði milli ára og gefur þannig mynd af þróun brotatíðni.

### Tíðni brota á landsvísu í helstu brotaflokkum 1998-2000




Rautt letur í tölugildum sýnir hæstu tíðni í samanburði milli ára og gefur þannig mynd af þróun brotatíðni.

**Til athugunar vegna ársskýrslu 1997-1998:** Með töflu á bls. 52 koma fram nákvæmari upplýsingar um tíðni brota árið 1998 en fram koma í ársskýrslu 1997-1998. Mismunur skýrist í tölulegum yfirlitum beggja skýrslanna. Auk þess var ekki byggt á nákvæmlega réttum tölum frá Hagstofu Íslands um mannfjölda, þegar reiknaður var fjöldi brota á hverja 100.000 íbúa (bls. 50 í ársskýrslu 1997-1998).

Tíðni brota í hverju umdæmi samkvæmt málaskrá 2000


Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa




Sundurliðun á fjölda brota:

	Fjöldi brota	Hlutfall
Umferðarlagabrot	66.814	72,9%
Önnur brot	24.851	27,1%

**Brot gegn valdstjórninni 2000**  
Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa




**Skjalafals 2000**  
Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa




**Kynferðisbrot 2000**

Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa



**Líkamsmeiðingar 2000**


Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa






**Brot gegn friðhelgi einkalífs 2000**



Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa




**Auðgunarbrot 2000**

Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa








**Fikniefnabrot 2000**  
Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa



**Áfengislagabrot 2000**  
Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa





Helstu flokkar brota í yfirlitinu um “öll önnur brot en framantalin” varða skattalög, tollalög, lög um vernd barna og ungmenna, lögreglusamþykktir, lög um eftirlit með útlendingum, lög um veitinga- og gististaði, lög um skráningu skipa, lög er varða fiskveiðar, lög um atvinnuréttindi og vopnalög.

## Nánari greining afbrota

### Helstu atriði í þróun brota

Ef litið er til þróunar brotamála árin 1998-2000, má nefna að stígandi hefur orðið í:

- **Auðgunarbrotum;** mest milli ára 1998 og 1999. Nokkur stígandi er til ársins 2000, þó svo að fækkun hafi orðið í innbrotum.
- **Líkamsmeiðingum;** sérstaklega alvarlegum tilvikum á árinu 2000.
- **Brotum gegn friðhelgi einkalífs;** þar sem hótunum hefur fjölgað mest.
- **Umferðarlagabrotum,** með aukningu í helstu brotaflokkum, svo sem akstri gegn rauðu ljósi, of hröðum akstri og ölvunarakstri.


### Brot skoðuð á tímakvarða

Töflurnar sýna tíðni þeirra brota sem koma til kasta lögreglu á landsvísu, miðað við tiltekin tímabil. Meðalfjöldi brota er reiknaður á hvern sólarhring ársins, hverja klukkustund, og sýndur er tími milli brota.

Meðalfjöldi brota árið 2000 á hvern starfandi lögreglumann er 138. Þá eru ótalin öll önnur verkefni lögreglu, bæði þau sem færð eru í málaskrá, en einnig önnur sem aðeins eru færð í dagbók.

Brotaflokkur	Fjöldi brota á árinu 2000	Fjöldi brota á sólarhring	Fjöldi brota á klukkustund
Brot gegn valdstjórninni	133	0,36	0,02
Skjalafals	455	1,24	0,05
Kynferðisbrot	228	0,62	0,03
Líkamsmeiðingar	1.508	4,12	0,17
Brot gegn friðh. einkal.	757	2,07	0,09
Auðgunarbrot	10.482	28,64	1,19
Eignaspjöll	4.182	11,43	0,48
Nytjastuldur	427	1,17	0,05
Fíkniefnabrot	781	2,13	0,09
Áfengislög	2.665	7,28	0,30
Umferðarlagabrot	66.814	182,55	7,61
Öll önnur brot	3.233	8,83	0,37
<b>Brot samtals</b>	<b>91.665</b>	<b>250,45</b>	<b>10,44</b>

### Meðal tímalengd milli hverra tveggja skráðra brota í algengustu flokkum

	Umferðarlagabrot á hverjum	Auðgunarbrot á hverjum	Eignaspjöll á hverjum	Áfengislagabrot á hverjum	Líkamsmeiðingar á hverjum
	<b>8</b> mínútum	<b>50</b> mínútum	<b>2</b> klst.	<b>3</b> klst.	<b>6</b> klst.

Nokkrir valdir undirflokkar	Sólarhringar milli brota	Klukkustundir milli brota
Manndráp	73	
Manndráp af gáleysi	46	
Rán	11	
Meiriháttar líkamsmeiðingar	6	
Ofbeldi gagnvart lögreglu	4	
Nytjastuldur vélknúinna farart.		23
Innbrot		4
Þjófnaður		1

Ef talin eru öll brot samkvæmt málaskrá lögreglu, líða að meðaltali tæpar sex mínútur milli þeirra.

Mánuðir líða milli manndrápa samkvæmt þessu yfirliti. Á rúmlega sex sólarhringa fresti eru tilkynntar alvarlegar líkamsmeiðingar og rán með nær ellefu daga millibili. Ofbeldi gagnvart lögreglu er skráð tvisvar í hverri viku að meðaltali.

Innbrot eru tilkynnt á fjórðu hverri klukkustund og þjófnaður á hverri klukkustund. Vélknúin ökutæki eru tilkynnt stolin að meðaltali einu sinni á sólarhring, alla daga ársins.

Athugið að taflan gefur aðeins grófa mynd, þ.e. tímabil sem spannar sólarhringa er ekki greint niður í klukkustundir og tímabil sem ná yfir klukkustundir eru að sama skapi ekki greind á smærri tímakvarða.

## Haldlögð fíkniefni 2000

Lagt var hald á fíkniefni eða áhöld til neyslu þeirra í 619 málum. Heildarfjöldi fíkniefnabrota samkvæmt málaskrá var 781 en ekki er lagt hald á efni og áhöld í öllum tilvikum.

Flest komu málin til rannsóknar í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík (47%), næstflest í Hafnarfirði (13,6%) og þar á eftir á Akureyri (8,9%). Hafa verður í huga að flest þau mál sem varða innflutning fíkniefna um Keflavíkurflugvöll, lúta rannsóknarforræði lögreglunnar í Reykjavík. Alls voru 639 einstaklingar kærðir vegna fíkniefnamála.

Stærra hlutfall fíkniefna en áður var haldlagt á landamærum. Lagt var hald á fíkniefni á tveimur landamærastöðvum árið 2000; á Keflavíkurflugvelli og í Reykjavík.

Mikil aukning í haldlagningu e-taflna árið 2000 frá árinu á undan, skýrist með haldlagningu á meira en 14.000 töflum í einu máli á Keflavíkurflugvelli. Smyglarinn

hugðist aðeins millilenda hér á landi á leið sinni til annars lands og efnið var ekki ætlað á markað héraendis.

### Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á

Haldlögð fíkniefni	grömm	stykki	millilítrar
Kannabisefni 1998	14.963		
Kannabisefni 1999	42.376	61	
<b>Kannabisefni 2000</b>	<b>31.859</b>	<b>1.013</b>	

Amfetamín 1998	1.875		
Amfetamín 1999	5.078		
<b>Amfetamín 2000</b>	<b>10.268</b>	<b>18</b>	

Kókaín 1998	1.077		
Kókaín 1999	955		
<b>Kókaín 2000</b>	<b>945</b>		

E-töflur 1998		2.149	
E-töflur 1999		7.478	
<b>E-töflur 2000</b>	<b>79</b>	<b>22.057</b>	

LSD 1998		269	
LSD 1999		339	
<b>LSD 2000</b>		<b>15</b>	<b>3</b>

Tegund efnis	Hlutfall fíkniefna eftir því hvar lagt er hald á þau					
	Innanlands			Á landamærum		
	2000	1999		2000	1999	
Kannabisfræ (stk)	693,0	<b>73,7%</b>	8,2%	247,0	26,3%	<b>91,8%</b>
Kannabisfræ (g)	17,3	<b>98,6%</b>	<b>95,4%</b>	0,2	1,4%	4,6%
Tóbaksblandað kannabis (g)	109,2	<b>92,8%</b>	<b>100%</b>	8,4	7,2%	0,0%
Marihuana (g)	5.065,9	<b>99,5%</b>	<b>92,1%</b>	27,1	0,5%	7,9%
Hass (g)	12.233,9	45,9%	<b>55,1%</b>	14.396,5	<b>54,1%</b>	44,9%
Hassplöntur (stk)	73,0	<b>100%</b>		0,0	0,0%	
Amfetamín (g)	718,5	7,0%	<b>96,2%</b>	9.549,0	<b>93,0%</b>	3,8%
Amfetamín (stk)	14,5	<b>82,9%</b>	<b>100%</b>	3,0	17,1%	0,0%
Kókaín (g)	122,7	13,0%	<b>95,0%</b>	822,2	<b>87,0%</b>	5%
E-töflur (g)	2,8	3,5%		76,5	<b>96,5%</b>	
E-töflur (stk)	1.234	5,6%	<b>83,0%</b>	20.822,5	<b>94,4%</b>	17%
LSD (skammtar)	15,0	<b>100%</b>	<b>100%</b>	0,0	0,0%	0,0%
LSD (ml)	0,0	0,0%		3,0	<b>100%</b>	

Rautt letur í tölugildum sýnir hæstu hlutfallstíðni í hverjum efnisflokki.

Tölulegar upplýsingar sem hér koma fram eru úr ársskýrslum embættisins og skýrslum sem ríkislögreglustjórnin hefur gefið út um fíkniefnamál vegna árána 1999 og 2000, og eru birtar á heimasíðu embættisins á Netinu: [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is).

## Hvaðan koma fíkniefnin?

Taflan hér að neðan sýnir frá hvaða löndum þau fíkniefni komu, sem lagt var hald á árin 1999 og 2000 á landamærum.

Tölurnar sýna hlutfallstíðni, það er hlutdeild hvers lands í heildarmagni innflutnings hvort árið um sig. Er eingöngu miðað við

þau mál sem varða innflutning beint, en ekki heildarmagn haldlagðra fíkniefna þegar fundin er hlutdeild hvers lands. Ástæðan er sú að í þeim málum einum liggur ljóst fyrir hvaðan efnin koma. Erfitt getur reynst að upplýsa það hvaðan efnin koma inn í landið, þegar þau eru komin í dreifingu innanlands.

Haldlagt á landamærum árið 2000								
	Kannabisefni		Amfetamín		Kókaín	E-töflur		LSD
	Grömm	Stykki	Grömm	Stykki	Grömm	Grömm	Stykki	Skammtar
Holland	34,47%	<b>53,44%</b>	15,54%	<b>100,00%</b>	24,99%	29,42%	<b>71,93%</b>	
Danmörk	<b>55,31%</b>	46,56%			13,28%		0,08%	
Þýskaland	7,83%		<b>84,46%</b>				3,94%	
Bretland	0,10%					6,61%	24,05%	
Spánn	0,05%				<b>41,60%</b>	<b>63,98%</b>		<b>100,00%</b>
Frakkland	0,02%				20,00%			
Önnur lönd og ekki vitað	2,23%				0,13%			

Haldlagt á landamærum árið 1999								
	Kannabis		Amfetamín		Kókaín	E-töflur		LSD
	Grömm	Stykki	Grömm	Stykki	Grömm	Grömm	Stykki	Skammtar
Holland	0,03%	<b>100,00%</b>	<b>98,25%</b>		19,28%		<b>100,00%</b>	
Danmörk	<b>56,96%</b>				<b>58,88%</b>			
Þýskaland	26,45%							
Bretland	0,05%							
Spánn	0,33%							
Frakkland	0,04%							
Önnur lönd og ekki vitað	16,14%		1,75%		21,84%			

Rautt letur í tölugildum sýnir hæstu hlutfallstíðni í hverjum efnisflokki.





# Viðaukar



# Viðauki I



## Kristnihátíð á Þingvöllum 1. og 2. júlí 2000

Forsætisráðherra skipaði Harald Johannessen ríkislögreglustjóra formann umferðarnefndar árið 1998 vegna kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Framkvæmdastjóri nefndarinnar var skipaður Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn. Starf umferðarnefndarinnar stóð óslitið fram til þess að kristnihátíðin var haldin dagana 1. og 2. júlí og kom nefndin einnig saman þá daga til þess að fylgjast með hvernig til tækist.

Yfirstjórn löggæslu vegna kristnihátíðar var, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra, í höndum ríkislögreglustjóra. Það fól meðal annars í sér að embættið hafði yfirumsjón með umferðarstjórn, umferðarmerkingum, mannafla, tækjum og búnaði. Frá því í janúar fól ríkislögreglustjórinn Jóni Bjartmarz, yfirlögregluþjóni, sérstaklega að sinna undirbúningi, skipulagningu og öðrum verkefnum lögreglu vegna kristnihátíðar á Þingvöllum. Þá tók ríkislögreglustjóri sjálfur einnig mikinn þátt í undirbúningsvinnu vegna aðgerða lögreglunnar.

Þær forsendur sem lögreglan hafði til þess að styðjast við frá forsætisráðuneytinu voru að gera ráðstafanir til að mæta því að samtímis gætu orðið allt

að 75.000 manns á Þingvöllum, sem kæmu með allt að 19.000 einkabifreiðum og allt að 120 hópferðabifreiðum. Ríkislögreglustjórinn setti lögreglunni það markmið að sjá til þess að umferð á kristnihátíð gengi hratt og áfallalaust fyrir sig og að nauðsynlegt væri að lögreglan gerði allt það sem í hennar valdi stæði til að svo mætti verða.

Samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjórans var því ákveðið að kalla saman undir eina stjórn lögreglumenn frá fjölmörgum lögregluliðum sem sérstaklega yrðu við störf á Þingvöllum og á leiðum til og frá staðnum. Undir stjórn ríkislögreglustjórans við löggæslu vegna kristnihátíðarinnar voru, þegar mest lét, föstudag og laugardag, 328 lögreglumenn hvorn dag, sem nánar er skilgreint í eftirfarandi töflu, auk 120 manna liðs björgunarsveitanna við umferðarstjórn á bifreiðastæðum og gönguleiðum.

<i>Fjöldi lögreglumanna við störf</i>	
Stjórnstöð í Reykjavík	9
Umferðarpóstar	137
Bifreiðastæði	99
Hátíðarsvæði á Þingvöllum	50
Afleysingamenn	12
Þyrla	2
Viðbragðshópur	10
Undanfarar / öryggisleit	5
Stjórnun umferðarpósta	4
<b>Samtals</b>	<b>328</b>

Vegna stærðar verkefnisins þurfti að fá til starfa lögreglumenn auk tækjabúnaðar frá mörgum embættum og komu lögreglumenn frá eftirtöldum lögregluliðum: Akranesi, Hafnarfirði, Keflavík, Keflavíkurflugvelli, Kópavogi, Reykjavík og Selfossi, auk Lögregluskóla ríkisins og ríkislögreglustjórans.

Vitað var að fyrsta helgin í júlí væri ein mesta ferðahelgi landsmanna og því þörf á öflugri löggæslu almennt um þessa helgi. Því var gert ráð fyrir

miklum viðbúnaði allra lögregluliðanna vegna umferðarlöggæslu fyrir utan þann viðbúnað sem ríkislögreglustjórnin hafði undir sinni stjórn vegna umferðar til og frá Þingvöllum. Lögreglustjórnunum í Reykjavík, Borgarnesi, á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Selfossi var falið að leiða samræmda skipulagningu umferðarlöggæslu lögregluliðanna í landshlutunum.

Yfirstjórn ríkislögreglustjórnar vegna aðgerða lögreglu var staðsett í fjarskiptamiðstöð lögreglu í Reykjavík. Auk ríkislögreglustjórnar tóku þátt í stjórnstöðinni lögreglustjórnarnir í Reykjavík og á Selfossi.

Einnig var höfð mikil samvinna við aðra aðila og stofnanir bæði vegna undirbúnings og eins meðan á hátíðinni stóð. Fulltrúar Vegagerðar ríkisins, Umferðarráðs og neyðarþjónustuaðila voru í stjórnstöð ríkislögreglustjórnar í Reykjavík. Gott samstarf var á milli stjórnstöðvar ríkislögreglustjórnar, útvarps Umferðarráðs, útvarpsstöðva, sjónvarpsstöðva og upplýsinganets Vegagerðarinnar, þannig að stöðugt var komið á framfæri nákvæmum upplýsingum til vegfarenda.

Meginhlutverk lögreglu hátíðardagana var umferðarskipulag og stjórnun umferðar, auk almennrar löggæslu, sem fól meðal annars í sér eftirlit og rannsóknir afbrota sem upp komu. Hér var um að ræða almennt löggæsluverkefni en þó stærra í sniðum en menn eiga að venjast. Allar áætlanir lögreglu gengu út frá því að umferð gæti orðið mjög mikil þá tvo daga sem hátíðin stóð yfir og að tafir gætu orðið á henni. Því var þörf á mjög öflugri og ákveðinni umferðarstjórn á leiðum að og frá Þingvöllum, sem og á bifreiðastæðum við hátíðarsvæðið en þar var helsta hættan á að tafir yrðu á

umferðinni ef of langan tíma tæki að beina henni inn á bifreiðastæðin.

Samkvæmt skipulagi voru verkefni lögreglu í meginatriðum þrennskonar:

- Varðstaða og umferðarstjórn á umferðarpóstum á gatnamótum eða hreyfanlegum póstum sem ná til ákveðins vegakafla.
- Umferðarstjórnun á Þingvöllum; á vegum við útafakstur að bifreiðastæðum og stjórnun umferðar á bifreiðastæðum.
- Almenn löggæsla á hátíðarsvæði á Þingvöllum og göngu- leiðum á svæðinu.

Um var að ræða markvissa, vel skipulagða og samstillta löggæslu auk þess sem viðbúnaður lögreglu var við það miðaður að geta brugðist fyrirvaralaust við margvíslegum tilfellum sem upp gætu komið hvort heldur væru slys, afbrot eða aðstoð við almenning. Áhersla var lögð á að löggæsla væri mjög sýnileg og ákveðin þessa daga og lögreglumenn áberandi á þeim póstum sem þeim var úthlutað.

Aðstaða var skipulögð fyrir lögregluna á hátíðarsvæðinu. Sérstök vettvangsstjórnstöð ríkislögreglustjórnar fyrir svæðið var sett upp við Flosagjá. Varðstofa með fangaafdrepi var sett upp í norðurenda hátíðarsvæðisins. Þar var einnig aðstaða fyrir lögreglumenn til að geyma fatnað og annan útbúnað sem þeir þurftu til starfa sinna. Auk þess var starfsmannaaðstaða á þremur stöðum, í stóru tjaldi á hátíðarsvæðinu og minni tjöldum við Tæpastíg og Brúsastaði.

Til viðbótar við sérstaka stjórnstöð ríkislögreglustjórnar sem sett var upp í fjarskiptamiðstöð lögreglu var stjórnun á vettvangi skipt upp í eftirfarandi verkþætti:

1. Stjórnandi Vesturlandsvegi / Mosfellsheiði.
2. Stjórnandi Suðurlandsvegi / Grímsnes.
3. Stjórnandi Þingvöllum.

Vettvangsstjórnendur höfðu það hlutverk að kynna mjög vel hverjum og einum lögreglumanni undir sinni stjórn, til hvers væri ætlast af viðkomandi lögreglumanni og lögreglunni í heild hátíðardagana. Hafa eftirlit með því að allir póstar væru mannaðir með fullnægjandi hætti og vera til taks að fara á vettvang þar sem á þyrfti að halda. Stjórnandi á Þingvöllum hélt þó alla jafna til í vettvangsstjórnstöð en skipulag á Þingvöllum gerði ráð fyrir undirverkpáttum sem voru tilgreindir á eftirfarandi hátt:

1. Varðstofa hátíðarsvæði
2. Brúsastaðir
3. Þjónustumiðstöð

Útbúið var verkefnaplan fyrir hvern umferðarpóst með upplýsingum um tilgang póstsins og hlutverk lögreglumanna. Slíkar vinnulýsingar voru einnig útbúnar varðandi skipulag á bifreiðastæðum á Þingvöllum. Það var síðan hlutverk hvers verkþáttarstjórnanda að hafa stjórn á sínum verkþætti í samræmi við þær vinnulýsingar sem honum voru látnar í té og tryggja að upplýsingum væri miðlað til stjórnstöðvar.

Í vettvangsstjórnstöð lögreglunnar við Flosagjá var dagleg vettvangsstjórnun löggæslu fyrir Þingvallasvæðið. Þar voru einnig sett upp fjarskipti vegna verkefnisins í beinum tengslum við fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans í húsnæði Neyðarlínunnar. Vettvangsstjórnstöðin á Þingvöllum var utan sjálfs hátíðarsvæðisins og var ekki hugsuð sem varðstofa í þeirri merkingu að almenningur gæti leitað sér þar

aðstoðar lögreglu. Hátíðargestir sem þurftu á aðstoð lögreglu að halda gátu snúið sér til lögreglumanna á hátíðarsvæðinu eða varðstofunnar í norðurenda hátíðarsvæðis, sem fyrr er nefnd. Undir vettvangsstjórnstöð á Þingvöllum heyrði löggæsla á hátíðarsvæðinu sjálfu og á bifreiðastæðum við Þingvelli.

Segja má að aðgerð lögreglu undir stjórn ríkislögreglustjórans dagana 1. og 2. júlí hafi verið stærsta einstaka lögregluaðgerð undir einni samræmdri aðgerðarstjórn fram til þessa. Auk þess fóru fram viðamiklar aðgerðir samkvæmt umferðarskipulagi, undir stjórn lögreglustjórana. Aðgerðir lögreglu vegna kristnihátíðarinnar tókust á heildina litið mjög vel. Þótt umferð hafi verið minni en lögreglunni var uppálagt að búa sig undir að takast á við, þá reyndi á margvíslegan hátt á skipulag og viðbúnað lögreglunnar og dýrmæt reynsla ávannst sem mun nýtast lögreglunni við skipulagningu og undirbúning annarra stórvíðburða í framtíðinni. Besti mælikvarðinn á það að vel hafi tekist til er ef til vill sá, að umrædda helgi urðu engin alvarleg slys á fólki í umferðinni.



**Jón Bjartmarz, Þróstur Brynjólfsson, Haraldur Johannessen og Jónína Sigurðardóttir** í stjórnstöð ríkislögreglustjórans.



Lögregluvarðstofan á Þingvöllum.



**Gunnlaugur V. Snævarr og Jónbjörn Bogason**  
í vettvangsstjórnstöð á Þingvöllum.



Á vaktinni á Þingvöllum.

## Viðauki II



### Löggæsla á erlendri grund

#### Heimsókn Haraldar Johannessen og Jóns F. Bjartmarz til Bosníu

Dagana 28. febrúar til 2. mars fóru Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri, og Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn, til Bosníu-Herzegóvínu í tilefni af orðuveitingarathöfn á vegum Sameinuðu Þjóðanna (SP) og til fundar með dönskum yfirmönnum lögreglu („Contingent Meeting”), en íslensku lögreglumennirnir starfa innan vébanda dönsku sveitarinnar. Ferðin var einnig nýtt til þess að kynna ástandinu í landinu og störfum íslensku lögreglumanna þar.

Á fundi með Detlew Buwitt, lögreglustjóra alþjóðalögregluliðsins, kom fram mikil ánægja með þá íslensku lögreglumenn sem sendir eru til Bosníu. Fram kom hjá honum að geta þeirra og hæfileikar væru miklir og vakti athygli að þeir væru allir í mjög vandasömum störfum. Það sama kom einnig fram hjá yfirmönnum þeirra lögreglumanna sem nú eru að störfum en farið var í kynnisferðir á vinnustaði þeirra til þess að kynna

þeim störfum og verkefnum sem þeir vinna við.

Ástandið í Bosníu er enn mjög bágborið og mikið atvinnuleysi. Þá er ríkjandi mikill aðskilnaður og tortryggni milli þjóðarbrotanna. Starfsemi á vegum SP í landinu er unnin við erfiðar aðstæður. Mikil spilling er ríkjandi, glæpastarfsemi og pólitísk óstjórn. Í viðræðum við lögreglustjórann, aðra yfirmenn alþjóðaliðsins og íslensku og dönsku lögreglumennina kom fram að vissulega væri starfsemin á vegum SP þung í vöfum og aðstæður þannig að mótþróa gætti frá heimamönnum. Starfið hefði þó smátt og smátt skilað árangri og kominn væri tími til þess að draga úr starfseminni á næstu tveimur árum og veita heimamönnum auknar heimildir á sviði löggæslu, sem fram til þessa hefðu verið háðar samþykki SP. Hinsvegar væri fyrirséð að ekki sé tímabært að draga herlið á vegum SP til baka þar sem hætta væri á að átök blossuðu þá upp aftur.

Ríkislögreglustjórinn lítur svo á að þátttaka í slíku alþjóðlegu lögreglusamstarfi á vegum SP sé mikilvægur liður í framlagi Íslands til SP. Mikilvægt sé að vanda vel val þeirra lögreglumanna sem sendir eru til þátttöku og standa faglega að öllu því er varðar þátttökuna. Meðal annars með því að taka aukinn þátt í árlegum fundum eins og þeim sem setinn var í ferðinni. Má í því samhengi leggja áherslu á að hátt settir yfirmenn úr lögreglu verði sendir til slíkrar þátttöku.

#### Kosovo

Kosovohérað er fremur lítið að flatarmáli, tæplega 11 þúsund km<sup>2</sup>, en það samsvarar stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Selfoss samanlagt. Kosovo var

annað tveggja sjálfstjórnarhéraða í ríkjasambandi fyrrum Júgóslavíu, en telst nú hluti af Serbíu, og á landamæri að Albaníu, Makedóníu, Svartfjallalandi og því sem eftir er af Serbíu. Kosovo hefur um aldir verið blandað samfélag Serba og Albana, og er mikilvægt í þjóðernisvitund beggja. Talið er að í júlí 1998 hafi íbúar Kosovo verið rétt rúmar tvær milljónir en í dag eru þeir taldir vera nær 1,8 milljónum. Langflestir eru svokallaðir Kosovo-Albanir eða um 1.538 þúsund. Af öðrum íbúum eru 142 þúsund Serbar og um 80 þúsund af öðrum þjóðernum. Fátækt í Kosovo er gríðarleg, jafnvel meiri en til dæmis í Serbíu og Svartfjallalandi.

Lögreglumennirnir Guðmundur Ásgeirsson úr Reykjavík og Jón Kristinn Valdimarsson frá Akureyri, sem fóru til starfa í Kosovo í október 1999, störfuðu í alþjóðlegum lögreglu-sveitum Sameinuðu þjóðanna í bænum Kosovska Mitrovica til 11. apríl. Þá komu Ásgeir Þór Ásgeirsson og Þórir Marínó Sigurðsson, báðir úr Reykjavík, til starfa í Kosovo og eru þar enn. Mitrovica, um hundrað þúsund manna borg í norðurhluta Kosovo, er tvískipt af ánni Ibar. Norðan árinna búa Serbar en sunnan við hana Kosovo-Albanir. Öflugur hervörður KFOR („Kosovo forces”) er á aðalbrúnni milli borgarhlutanna og daglega eru erjur á milli þessa fólks. Reyndar bjó hópur Albana inni á milli Serbanna í norðurhluta Mitrovica og þurfti oft að bregðast fljótt við þegar þessi hópur kallaði eftir hjálp. Þess má einnig geta að í suðurhluta Mitrovica bjuggu örfáir Serbar sem KFOR þurfti að gæta allan sólarhringinn. Fremur erfitt var að fá lögreglumenn til að starfa í Mitrovica vegna hins ótrygga ástands en þar eru síendurteknar árásir á hermenn og lögreglumenn.

Á starfstíma Guðmundar og Jóns voru miklar róstur milli Serba og Kosovo-Albana, uppþot, vopnuð átök, rán, morð og skipuleg glæpastarfsemi. Innra skipulag héraðsins var í rúst, svo sem sveitar- og héraðsstjórn og heilbrigðis- og menntamál, löggæsla og dómstólar. Eitt af fyrstu verkefnum þeirra var að aðstoða Albani við að sækja látna ættingja í fjöldagröf sem fundist hafði norðan megin við ána Ibar, þ.e. á landi þar sem Serbar ráða ríkjum. Þarna kynntust þeir strax þeirri heift sem ríkir á milli þessara þjóðarbrotu.

Túlkar eru nauðsynlegir við störf lögreglumanna í Kosovo en gæta þurfti þeirra, því að ekki var hægt að fara með albanskan túlk í mál í norðurhlutanum og að sama skapi serbneskan túlk í mál í suðurhlutanum vegna hættu á að á þá yrði ráðist og skipti þá engu hvort lögreglan reyndi að hindra það. Mikið atvinnuleysi er þarna og því gífurlegur fjöldi fólks sem ekkert gerir annað en að ganga um götur borgarinnar og ef eitthvað gerðist, þ.e. mál kæmi upp, voru tugir ef ekki hundruð Albana eða Serba komnir á vettvang og farnir að öskra ókvæðisorð í garð andstæðinganna og oft lögreglu. Þegar svona ástand kom upp var lítið annað hægt að gera en bjarga því sem bjargað varð og koma sér síðan burt.

Í október 1999 útskrifaðist fyrsti hópur heimamanna sem lögreglumenn og markaði það upphafið að fjöldaútskrift lögreglumanna. Heimamenn sátu í um þrjá mánuði á skólabekk og voru að því loknu útskrifaðir sem lögreglumenn, vopnaðir og settir í starfsþjálfun víðsvegar í Kosovo. Í fyrsta hópnunum sem útskrifaðist voru um 200 heimamenn (þar af aðeins örfáir Serbar) og var þeim dreift um norðurhéruð Kosovo. Þessi útfærsla á starfsþjálfun gekk nokkuð vel upp nema í Mitrovica. Í suðurhlutanum



gengu um götur albanskir lögreglumenn í nýjum lögreglubúningum en í norðurhlutanum gáfu Serbarnir út þá yfirlýsingu að þeir myndi aldrei samþykkja nýju lögregluna og voruðu yfirstjórn SP í Kosovo við, ef þeir sæju nýju lögregluna í norðurhlutanum myndu þeir myrða þá. Dag einn, fjótlega eftir að nýju lögreglumennirnir komu á göturnar, var farið með tvo þeirra, fyrir mistök, yfir í norðurhlutann. Það var einsog við manninn mælt, ráðist var á þá og lögreglumenn SP sem fylgdu þeim og var mildi að enginn lét lífið í þeirri árás. Þetta varð til þess að í norðurhlutanum var ekki reynt að koma á fót „Kosovo Police” sem var mjög slæmt og var stórt skref afturábak í uppbyggingu héraðsins.

Þegar Ásgeir og Þórir komu til Kosovo var verið að leita að mönnum sem hefðu einhverja reynslu í öryggisgæslu og vegna bakgrunns þeirra úr sérsveit ríkislögreglustjórans voru þeir strax settir á 12 daga grunnnámskeið hjá CPU (Close Protection Unit) sem var þá rúmlega mánaðargömul sveit innan „UNMIK Police MHQ Special Operations Division”. Þetta námskeið er haldið til að samhæfa vinnubrögð manna því aðeins er unnið eftir einu kerfi.

Hlutverk CPU er að sjá um skipulagningu og framkvæmd öryggisgæslu í borgaralegum, opinberum heimsóknnum fyrimenna til Kosovo, öryggisgæslu fyrir lykilmenn í samfélagunum sem eru í minnihluta í Kosovo og eru í sérstakri hættu vegna starfa sinna fyrir þessi samfélög. Dæmi er „Serbian National Council” sem eru fulltrúar Kostanica stjórnarinnar frá Belgrad, alþjóðadómáráð, saksóknarar og annað alþjóða starfslíð, sem vinnur að þannig málum að þeim er hætta búin. Aðallega eru þetta þjónar réttvísinnar sem hafa til úrlausnar mál sem snúa að stríðsglæpum. Einnig gætir CPU

öryggis nýkjörinna, innlendra stjórnmalamanna úr LDK flokki Rugova sem vann kosningarnar í haust. Nýjasta hlutverk CPU eru fangaflutningar. Allir fangar eru flokkaðir A, B, C og svo framvegis. CPU flytur fanga í flokki A, sem eru stríðsglæpamenn, menn sem eru handteknir vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, morða og fleiri.

Til gamans má geta þess að þegar Þórir og Ásgeir byrjuðu í CPU störfuðu þar 25-30 lögreglumenn í þremur hópum frá 9 þjóðum og báru hver sitt vopn. Deildin hafði yfir að ráða tveimur brynvörðum bílum og fimm Toyota 4Runner jeppum. Í árslok voru 110 lögreglumenn í CPU í tíu hópum frá 17 þjóðum. Deildin er nú búin 26 brynbílum, 2 APC sem eru hannaðir til að þola minnst tvöfalda „anti-tank” sprengju, og 30 Toyota 4Runner jeppum. Sameinuðu þjóðirnar hafa í fyrsta skipti keypt vopn handa CIVPOL og er ætlunin að að kaupa hríðskotaríffla handa öllum lögreglumönnum í CPU. Þá er verið að byggja húsnæði fyrir SPEC OPS og fær CPU um það bil 1.200 fermetra af því. Þar verður m.a. fullkomin kennslustofa, líkamsræktarstöð, tvö fullkomin vopnabúr, búningaöstaða og skrifstofur.

Ásgeir er núna yfirmaður CPU og Þórir einn af aðalleiðbeinendum sveitarinnar.

### **Bosnía og Herzegóvína**

Lögreglumennirnir Snorri Magnússon, Ólafur Egilsson og Jón S. Ólason, allir úr Reykjavík, og Jóhannes Sigfússon frá Akureyri komu heim á árinu, en þeir fóru allir til starfa í Bosnía á árinu 1999. Í þeirra stað fóru Þórhallur Árnason, Eskifirði, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Hafliði Þórðarson, bæði úr Reykjavík.



Frá vinstri: **Jóhannes Sigfússon**, varðstjóri, **Jón Bjartmarz**, yfirlögregluþjónn, **Haraldur Johannessen**, ríkislögreglustjóri, **Detlew Buwitt**, lögreglustjóri alþjóðlegu lögreglusveitarinnar IPTF í Bosníu og Herzegovínu, **Jón S. Ólason** og **Ólafur Egilsson**, báðir aðalvarðstjórar. Myndin er tekin á skrifstofu Buwitts.



**Ólafur**, **Jóhannes**, **Haraldur**, **Jón S. Ólason** og **Jón Bjartmarz** í hópi yfirmanna MSU (Multinational Support Unit / Italian Carabinieri) í höfuðstöðvum deildarinnar í Sarajevo.



**Guðmundur Ásgeirsson** og **Jón Kr. Valdimarsson** í hópi danskra starfsbræðra við afhendingu þjónustuorðu Sameinuðu þjóðanna.



**Bob Dole**, öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum og fyrrum forsetaframbjóðandi, ásamt lífvörðum sínum úr CPU (Close Protection Unit), er hann kom til Kosovo í október 2000. **Þórir Marinó Sigurðsson** er annar frá vinstri og **Ásgeir Þór Ásgeirsson** er lengst til hægri.

**Ársskýrsla ríkislögreglustjórans 2000**

*Ritsjóri:*

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn.

*Helstu heimildir:*

Gögn embættis ríkislögreglustjórans og lögregluembættanna.  
Málaskrá lögreglu 2000.

Sviðsstjórar tóku saman efni, hver fyrir sitt svið.

Tölulegar upplýsingar um afbrot voru teknar saman af sviði 4, byggðar á samantekt  
Tölvumynda.

Viðaukar teknir saman af sviði 2.

*Textavinnsla, tölfræði, umbrot og prentun:*

Varnan ehf.

*Prentun kápu:*

Stapaprent.

*Bókband:*

Flatey.

*Útgáfa:*

Ríkislögreglustjórinn, ágúst 2001.